HÉÐINN ÓLAFSSON

*Köfun ekki bara fyrir einhverja útvalda*

heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




HÚSBYGGJANDINN

*Steinsteypuglaðir Íslendingar*

Sérblað um húsbyggjendur og framkvæmdir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




PÉTUR BEN

*Leikur á þrjátíu tónleikum á 32 dögum*

Stærsta tónleikaferðin til þessa

FÓLK 24



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. febrúar 2008 — 49. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

# Geðsjúkum úthýst vegna hagræðingar

**Plássum fyrir geðsjúka hefur fækkað mikið undanfarin ár vegna niðurskurðar. Búsetuþjónusta sem átti að koma í stað lokaðra deilda lætur enn standa á sér. Þurfum að hagræða eins og aðrir, segir sviðsstjóri lækninga á geðsviði LSH.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Plássum fyrir geðsjúka hefur fækkað um meira en hundrað undanfarin sjö ár. Ekkert bólar á búsetuþjónustu sem byggja átti upp í staðinn.

„Geðdeildum hefur verið lokað og plássum fækkað, en hvergi hefur fjölgað eða bæst við,“ segir Kristófer Þorleifsson, formaður Geðlæknafélags Íslands. „Biðlistar í endurhæfingu eru orðnir mjög langir, enda segir það sig sjálft þegar plássunum fækkar.“

Árið 2001 var hafist handa við að loka ýmsum deildum og stofnunum fyrir geðsjúka. Meðal þeirra voru áfengismeðferðardeild á Vífilsstöðum, meðferðarheimili í Gunnarsholti og geðdeild í Arnarholt á Kjalarnesi. Alls var plássum fækkað um rúmlega hundrað.

Í staðinn áttu að koma úrræði þar sem sjúklingar gætu búið og notið þjónustu í þeirra nærumhverfi, en hvergi bólar á þeim úrræðum.

Hannes Pétursson, sviðsstjóri lækninga á geðsviði Landspítalans, segir rétt að lítið hafi orðið úr búsetuúrræðunum enn sem komið er, en nú hilli undir verulegt átak í búsetumálum geðsjúkra. „Þetta hefur tekið tíma fyrir félags- og heilbrigðisráðuneytið, en það virðast góðar líkur á að það rætist úr þessu á næstu tveimur árum.“

Varðandi lokanir undanfarin ár segir Hannes að geðsvið lúti sömu reglum og önnur svið; þegar rekstrarkostnaður fari fram úr áætlun þurfi að hagræða. „Þetta er hluti af hagræðingu sem við þurfum að gera eins og allir aðrir.“

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra svaraði ekki skilaboðum blaðamanns í gær. **- sþs**



**FJÖR Í SUNDI** Stefán Darri Þórsson, þrettán ára nemandi úr Álftamýrarskóla, sýndi góð tilþrif þegar hann stökk af stóra brettinu í Sundhöll Reykjavíkur í gær. Stefán Darri sækir skólasund í Sundhöllinni eins og þúsundir Reykvíkinga hafa gert í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lárus H. List tekst á við bandarískt stórfyrirtæki:

# Wal-Mart í mál við íslenskan listamann

**MÁLAFERLI** Bandaríska stórfyrirtækið og verslunarkeðjan Wal-Mart hefur stefnt akureyrska listamanninum Lárusi H. List fyrir gerðardóm í Genf í Sviss þar sem mál á hendur honum verður tekið fyrir eftir tæpar þrjár vikur. Stefnan tengist verki sem Lárus gerði fyrir um tveimur árum og sýndi þá í Kling og bang. Um er að ræða mynd sem byggir á Mónu Lísu, verki Leonardos da Vinci, en hluti verksins er nafngiftin: Wa1m-ART. Lárus festi sér í framhaldinu lénið wa1mart.com og þar stendur hnífurinn í kúnni. Bandaríkjamenn telja lénið of líkt walmart.com og telja Lárus valda sér skaða. Þeir munu freista þess að fá lénið til sín í Genf.

Verkið er áðeila á græðigisvæðingu og gleypistefnu Bandaríkjanna og segir listamaðurinn verkið nú þegar hafa sannað gildi sitt. Breskur stjörnulögmaður, Graham Ross, hefur boðið Lárusi aðstoð sína. **- jbg / sjá síðu 30**



**WA1M-ART** Myndin byggir á Mónu Lísu, verki Leanardos da Vincis.

## ÞRIÐJUDAGUR

### Af tónlistarættum



Bakvörðum Mercedes Club sárnar að vera vændir um skort á sönghæfileikum þegar einn þeirra er afkomandi höfundar Öxar við ána.

FÓLK 22

### Námsval og njótendur



„Skortur á tækifærum til menntunar og starfa er ekki vandamál ungs fólks,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 16

### Varðskýlin standa enn

Enn má sjá ummerki um viðveru Bandaríkjamanna á Miðnesheiði þótt þar dafni nú háskólasamfélag undir íslenskum formerkjum.

FÓLK 30

### Hafnaði FCK



Sverre Andreas Jakobsson hafnaði tilboði frá danska liðinu FCK og stefnir enn á að koma heim í sumar.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL OG HÁLKA** Í fyrstu verður mild sunnanátt með vætu en þurrt NA-til. Snögg kólnandi þegar líður á síðdegið með snjókomu eða éljum, fyrst vestan til. Kólnandi veður.

VEÐUR 4

Ný tillaga Samfylkingar:

# Byggðakvótinn á uppboð

**SJÁVARÚTVEGUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur lagt fram þá hugmynd að byggðakvótinn verði seldur á almennu uppboði en andvirðið renni til sjávarbyggða.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir þessa hugmynd vera lagða fram til að koma til móts við gagnrýni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna en telur einnig að hún komi sér vel fyrir sjávarbyggðirnar.

Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segist ánægður með þessa hugmynd en vill ganga lengra og bjóða upp að minnsta kosti 25 til 30 prósent veiðiheimildanna eða jafnvel helming veiðiheimildanna til tveggja ára. **- jse / sjá síðu 6**

HIV-veirusmit á Íslandi:

# Fleiri konur greindust

**HEILBRIGÐISMÁL Þrettán greindust með HIV-veiruna á síðasta ári. Þetta kemur fram í nýjasta hefti Farsóttafrétta frá Landlæknisembættinu.**

**Í sex tilfellum var talið að smitið tengdist fíkniefnaneyslu en í fjórum var það talið tengjast kynmökum gagnkynhneigðra og í þremur tilvikum kynmökum samkynhneigðra.**

**Sjö konur greindust með veiruna á síðasta ári og er það í fyrsta sinn sem fleiri konur greinast með veiruna.**

**Einnig kemur fram að 45 greindust á árinu með lifrarbólgu B en það er óvenjumikið. Um helmingur þeirra er innflytjendur og vitað er um átta sem höfðu sprautað sig með fíkniefnum.**

**- jse**






**Kompudagar í smáauglýsingunum**

18.– 29. febrúar.
Verð frá 990 kr.

Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í **síma 512 5000** og seldu gamla dótið með lítilli fyrirhöfn.

NÝR SkodaFabia ER MEÐ SEX LOFTPÚÐUM




ESEDRA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

**SPURNING DAGSINS**



*Stefán, er ekki hreint rugl að þrífa svona mikið?*

„Jú, það er allt best í hófi. Val á réttum hreinsiefnum og áhöldum er hreinlega aðalmálið.“

Stefán Ingi Óskarsson hreinlætisráðgjafi segir hægt að ná ótrúlegum árangri við þrif á aðeins 25 mínútum áður en gesti ber að garði.

Lögreglan í Frakklandi réðst til atlögu gegn ungum innflytjendum í París:

# Tugir manna handteknir

**FRAKKLAND, AP** Meira en þúsund lögreglumenn fóru á stúfana eldsnemma í gærmorgun og handtóku tugi manna í nokkrum úthverfum Parísar. Hinir handteknu eru flestir á þrítugsaldri og sakaðir um aðild að óeirðunum þar í nóvember síðastliðnum.

Lögreglan fór hús úr húsi, braut upp hurðir og óð inn í íbúðir í hverfunum Villiers-le-Bel, Sarcelles, Gonesse og Arnouville, þar sem innflytjendur eru í meirihluta.

Alls voru 35 manns handteknir og höfðu flestir þeirra áður komist í kast við lögregluna fyrir ofbeldisglæpi.

Gagnrýnendur segja aðgerðirnar sýndarmennsku eina, ætlaða til þess að styrkja stöðu Nicolas Sarkozy forseta fyrir sveitarstjórnarkosningar í næsta mánuði.

Lögreglan býst við að þessar harkalegu aðgerðir kalli á frekari óeirðir næstu daga. Í gærkvöld voru því hundruð lögreglumanna í Villiers-le-Bel viðbúnar því að lenda í átökum.

Miklar óeirðir brutust út í Villiers-le-Bel, skammt norðan við París, og næstu hverfum dagana 25. og 26. nóvember eftir að tveir unglingspiltar á vélhjóli létust í árekstri við lögreglubifreið. **- gb**



**VÍGALEGIR** Hópur lögreglumanna á ferð í Villiers-le-Bel í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Strokumál Annþórs:

# Enn verið að afla gagna

**LÖGREGLUMÁL** Ekki tókst að afla allra gagna í strokumáli Annþórs Kristjáns Karlssonar í gær, að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns. Þau liggja væntanlega fyrir í dag og verður þá farið yfir málið í heild.

Annþór var færður til geymslu í lögreglustöðinni við Hverfisgötu á fimmtudag. Var það gert til hagræðingar við fangaflutninga, því hann átti að mæta fyrir dómara vegna kröfu lögreglustjóra um framlengingu á gæsluvarðhaldi. Á föstudag þurfti einnig að flytja hóp fanga frá Litla-Hrauni til Reykjavíkur þar sem kveðinn var upp yfir þeim dómur í Pólstjörnumálinu. **- jss**

Nítján ára sett á skilorð:

# Ýtti stúlku og skallaði hana

**DÓMSMÁL** Nítján ára stúlka hefur verið dæmd í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Hún skallaði sautján ára stúlku í andlitið fyrir utan skemmtistaðinn Tropicana við Stórhöfða í Reykjavík í lok janúar. Fórnarlambið marðist á vinstri augabrún og hnakka.

Stúlkan sem réðst á hina hafði áður verið dæmd fyrir sams konar líkamsárás í maí 2006. Þá var refsingu frestað skilorðsbundið í tvö ár, en sá dómur var tekinn upp á ný við ákvörðun refsingar í þessu máli. Hún var þar að auki látin greiða sakarkostnað, rúmar tuttugu þúsund krónur. **- sþs**



**NEYÐARKALL** Húmanistar komu sér fyrir við utanríkisráðuneytið í gær með borða sem á stóð „SOS KENÍA“. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Húmanistar skrifa ráðherra:

# Ofbeldi í Kenía verði stöðvað

**UTANRÍKISMÁL Íslenskir húmanistar hittust fyrir framan utanríkisráðuneytið í gær. Þeir afhentu ráðuneytisstjóra í fjarveru ráðherra bréf með afstöðu Húmanistahreyfingarinnar í Kenía til ástandsins sem ríkt hefur í landinu undanfarið.**

**Húmanistar kalla eftir því að ofbeldið í Kenía verði stöðvað eins fljótt og mögulegt er, að því er fram kemur í tilkynningu.**

**Athöfnin í gær var hluti af alþjóðlegri aðgerð húmanista, sem reyna að þrýsta á deiluaðila í Kenía, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir að bregðast við. - bj**



**ÚTIGJÖF** Hrossin voru á útigjöf þegar hryssan var skotin. Hún fannst liggjandi rétt við þjóðveginn. Fyrst var talið að hún hefði orðið sjálfdauð en það reyndist öðru nær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

# Fylfull hryssa fannst skotin í haganum

**Þeim brá við, mönnunum í Eyja- og Miklaholtshreppi þegar þeir hugðust grafa hryssu sem þeir töldu að hefði orðið sjálfdauð í haganum. Blóð tók að renna úr nösum hennar við raskið og við nánari athugun sást skotgat á gagnauga hennar.**

**LÖGREGLUMÁL** „Maður er ekki alveg rólegur að vita að eitthvað svona geti verið á ferðinni,“ segir Halldór Sigurkarlsson í Söðulsholti í Eyja- og Miklaholtshreppi. Hann gekk fram á dauða hryssu í stóði nágranna síns á Rauðkollsstöðum í síðustu viku. Þegar betur var að gáð sást að hún hafði verið skotin með riffli í gagnaugað. Hryssan var fylfull.

„Ég hélt að hún hefði veikst,“ bætir Halldór við. „Þetta er það síðasta sem manni dettur í hug. Það uppgötvaðist ekki fyrr en strákur hér á næsta bæ ætlaði að fara að grafa hana, að blóð lak úr nösunum á henni. Farið var að skoða hana nánar og þá kom skotgatið í ljós í gagnauganu á henni.“

Halldór kveðst vera með dýrar skepnur og efnileg tryppi í stóðinu í Söðulsholti og fólk sé uggandi eftir þennan atburð.

„Við vorum alveg grandalausir fyrir þessu og sáum ekki strax hvað var. Við töldum að hrossið hefði drepist í stóðinu eins og einstaka sinnum getur gerst,“ segir Auðunn Óskarsson á Rauðkollsstöðum, eigandi hryssunnar. Hún var sex vetra ræktunarhryssa undan hinum nafntogaða stóðhesti Toppi frá Eyjólfsstöðum. Auðunn segir að búið hafi verið að temja hana og kosta nokkru til við hana.

Hann gaf hrossunum út fyrir ofan bæinn og hryssan lá dauð í haganum um það bil fimmtíu metra frá þjóðveginum.

Auðunn segir menn hafa verið að gera því skóna að skyttur hafi villst á hryssunni og ref, hafi hún verið liggjandi. Mögulegt sé talið að þarna hafi verið á ferðinni menn á ljósaveiðum, sem keyrt hafi með ljóskastara í leit að refum. Þá er skotið á augað sem glampar í kastljósinu.

Viðmælendur Fréttablaðsins hafa bent á að veiðar af þessu tagi séu ólöglegar. Bannað sé að skjóta úr bíl. Þá megi ekki skjóta í byggð nema með leyfi landeiganda.

„Maður skilur ekki hugsun þeirra sem þarna hafa verið að verki. Það er óskiljanlegt hvað menn eru að þvælast með skotvopn í svartasta skammdeginu og hundleiðinlegu veðri eins og var á þessum tíma,“ segir Auðunn, sem tilkynnt hefur atburðinn til lögreglu. **- jss**

Bæjarstjórinn í Fjallabyggð:

# Launin hækka um 100 þúsund

**SVEITARSTJÓRNIR Laun bæjarstjórans í Fjallabyggð, Þóris Kr. Þórissonar, hafa verið hækkuð úr 700 þúsund krónum í 800 þúsund auk þriggja prósenta verðlagshækkunar.**



ÞÓRIR KR. ÞÓRISSON

**„Það er í hæsta máta óeðlilegt og óheppilegt að á þessum tímapunkti séu laun hans hækkuð svo langt umfram almennar launahækkanir,“ segir minnihlutinn í bæjarstjórn Fjallabyggðar.**

**Meirihlutinn segir hins vegar að samanburður á launakjörum bæjarstjóra á Norðurlandi hafi sýnt að bæjarstjóri Fjallabyggðar fengi umtalsvert lægri laun en aðrir bæjarstjórar. - gar**

Drög að Íraksskýrslu Breta:

# Hvergi minnst á úrslitaatriðið

**BRETLAND, AP** David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, birti í gær áður óbirt drög að skýrslu um Írak sem upphaflega birtist haustið 2002.

Í drögunum er hvergi að finna þá fullyrðingu, sem stóð í endanlegu skýrslunni, að Írakar séu færir um að skjóta á loft gereyðingarvopnum með aðeins 45 mínútna fyrirvara. Breska stjórnin notaði þessa klausu óspart til að rökstyðja nauðsyn þess að gera innrás í Írak haustið 2003.

Gagnrýnendur hafa sagt að starfsfólk á skrifstofu Tonys Blair, þáverandi forsætisráðherra, hafi bætt þessari fullyrðingu inn á síðustu stundu. **- gb**






Sýningin Vatnsmýrin – hugmyndir um borg nýtur vinsælda:

# Mikill áhugi á Vatnsmýrinni

**SKIPULAGSMÁL** „Það er bara búið að vera stappað,“ segir Guja Dögg Hauksdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar Vatnsmýrin – hugmyndir um borg sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur.



GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR

„Svona skipulagsplaköt með línum og strikum geta verið nokkuð tormelt fyrir fólk svo þegar ég tók sýninguna að mér ákvað ég að reyna gæða þetta lífi með viðburðum eins og pallborðsumræðum, sviðsettu uppboði og öðru slíku.“ Uppboðið fór þannig fram að fólk gat keypt lóðir í Vatnsmýrinni en miðað var við það skipulag sem fylgir vinningstillögunni. „Reyndar fór svo að einn sem var á móti því að færa flugvöllinn reyndi að komast yfir sem flestar lóðirnar svo hann gæti tryggt flugvöllinn í sessi en hann gafst svo upp að lokum,“ segir Guja Dögg.



**ÚR VATNSMÝRINNI** Mikill áhugi er hjá fólki að kynna sér framtíð Vatnsmýrarinnar. Mönnum gengur þó sitthvað til eins og sannaðist á sviðsettu uppboði þegar maður reyndi að kaupa sem flestar lóðir til að tryggja flugvöllinn í sessi.

„Þess má geta að þeir sem eiga vinningstillöguna eru fjórir Skotar sem heita Graeme Massie, Stuart Dickson, Alan Keane og Tim Ingleby. Þeir eru farnir að setja mark sitt á byggð ból hér á landi en þeir áttu einnig vinningstillöguna á framtíðarskipulagi á Akureyri árið 2005, svo þau virðast nokkuð glögg þessu skosku gestsaugu,“ segir hún kankvís.

Vegna mikillar aðsóknar hefur verið ákveðið að hafa sýninguna opna til klukkan tíu að kvöldi miðvikudags og fimmtudags. „En sýningunni lýkur á fimmtudag enda verðum við að rýma fyrir rjúkandi pottum sem fylgja Food and fun sem byrjar á laugardaginn. Ef það væri ekki á dagskrá myndum við sennilega bara framlengja þetta því fólk er greinilega mjög áhugasamt um þetta.“ **- jse**




**Nýtt langdrægt GSM kerfi**

# Stærsta GSM þjónustusvæðið

vodafone

Að lokinni uppsetningu nýrra senda víða um land býður Vodafone upp á **stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi**. Þetta er bylting fyrir fólk á landsbyggðinni, sjómenn og ferðamenn á fjölmörgum stöðum þar sem ekki hefur verið GSM samband til þessa.

Meðan við höldum uppbyggingunni áfram skiptir þú yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, **með einu símtali í 1414** – strax í dag.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**

Fiton/SÍA

## GENGIÐ 18.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,71 | 67,03 |
| Sterlingspund | 130,11 | 130,75 |
| Evra | 97,59 | 98,13 |
| Dönsk króna | 13,088 | 13,164 |
| Norsk króna | 12,361 | 12,433 |
| Sænsk króna | 10,501 | 10,563 |
| Japanskt jen | 0,6165 | 0,6201 |
| SDR | 105,23 | 105,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,8935

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinnuhópur hugleiddi að skrúfa fyrir kalda vatnið á varnarsvæðinu á Miðnesheiði:

# Hefði hamlað vatnslekatjóni

**STJÓRNSÝSLA** Vinnuhópur, sem átti að tryggja snurðulausa yfirfærslu á rekstri Keflavíkurflugvallar, hugleiddi að beita sér fyrir því að loka fyrir kalda vatnið inn á fyrrum varnarsvæðið á Miðnesheiði. Hefði sú leið verði farin hefði þurft að tæma vatn úr lögnum.

Ekkert varð úr þar sem hópurinn hafði ekki heimildir til að stofna til útgjalda en tæming lagnanna fól í sér útgjöld.

Helgina 18. til 19. nóvember 2006 sprungu vatnslagnir í húsum á svæðinu með þeim afleiðingum að tjón varð á samtals 106 íbúðum í þrettán fjölbýlishúsum og í sjö mannvirkjum að auki. Talið er að tjónið hlaupi á 79-109 milljónum króna.



MANNVIRKI Á MIÐNESHEIÐI

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið kemur þó fram að sjónarhóli brunavarna hafi verið álitamál hvort skynsamlegt væri að skrúfa fyrir kalda vatnið.

Í skýrslunni kemur einnig fram að ýmsir hnökrar voru á yfirfærslu mannvirkjanna frá Bandaríkjaher til íslenskra stjórnvalda. Áformað var að fulltrúar frá hvorum aðila gengu saman í hvert hús sem síðan yrði afhent formlega. Reyndin varð sú að herinn skilaði lyklum með útfylltum og undirrituðum gátlistum. Ekki var gengið úr skugga um að byggingarnar væru í viðunandi ástandi. Kom síðar í ljós að í fjölda bygginga hafði útidyrum ekki verið læst þó að gátlistar bæru með sér að svo ætti að vera. **- bþs**

Innbrot í söluturn í Reykjavík:

# Tveir menn handteknir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tvo menn í fyrrinótt eftir innbrot í söluturninn Bláturn við Háaleitisbraut í Reykjavík.**

**Voru mennirnir teknir skammt frá söluturninum. Var annar þeirra skorinn á fæti en þó nokkuð blóð var á vettvangi innbrotsins. Var sá slasaði fluttur á slysadeild til aðhlynningar og að því búnu í fangaklefa hvar félagi hans beið. Mennirnir, sem eru góðkunningjar lögreglunnar, voru undir áhrifum vímuefna og því látnir sofa úr sér áður en þeir voru yfirheyrðir í gærdag. Þeir höfðu aðeins lítilræði upp úr krafsinu. - ovd**

Frjálslyndi flokkurinn:

# Ber ekki ábyrgð á Ólafi F.

**STJÓRNMÁL** Frjálslyndi flokkurinn ber ekki pólitíska ábyrgð á Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra enda er hann í öðrum stjórnmálaflokki, segir í samþykkt miðstjórnarfundar Frjálslynda flokksins frá á föstudag.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Jafnframt er þess getið að fólk úr Frjálslynda flokknum hafi ekki komið að málum Orkuveitu Reykjavíkur eða REI-málinu og er hvatt til aukinnar siðvæðingar í pólitík og endurskoðunar á stjórnkerfi Reykjavíkur í því skyni að gera það skilvirkara, gegnsætt og lýðræðislegt. **- bþs**

Páfagarður breytir reglum:

# Erfiðara nú að verða dýrlingur

**PÁFAGARÐUR, AP Hér eftir verður erfiðara að komast í dýrlingatölu hjá kaþólsku kirkjunni.**

**Páfagarður skýrði í gær frá því að hertar yrðu reglur þær, sem biskupar fara eftir þegar metið er hvort taka skuli látna menn í dýrlingatölu eða lýsa þá helga menn.**

**Meðal annars verða harðari kröfur gerðar til þess að hugsanleg dýrlingsefni hafi framið nægilega mörg og nægilega merkileg kraftaverk.**

**Nú liggja fyrir til afgreiðslu tillögur um að 2.200 manns verði teknir í dýrlingatölu eða lýstir helgir menn. - gb**

# Hafa jákvæð áhrif á hlutabréfamarkað

**Nýgerðir kjarasamningar og aðgerðir stjórnvalda mun líklega draga úr svartsýni á hlutabréfamarkaði að mati formanns greiningardeildar Landsbankans. Sérfræðingar Seðlabankans skoða áhrifin fyrir vaxtaákvörðunardag í apríl.**

**EFNAHAGSMÁL** Áhrif samninga aðila vinnumarkaðarins og aðgerða ríkisstjórnarinnar verða í heildina jákvæð, segir Edda Rós Karlsdóttir, formaður greiningardeildar Landsbankans. Hún segir aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki koma á óvart, enda í samræmi við stjórnarsáttmála. Því þurfi ekki að endurskoða langtímaspár um efnahagslífið hér á landi.

„Þetta mun örugglega auka sjálfstraust á hlutabréfamarkaði,“ segir Edda Rós. Það sé mikilvægt að samningar hafi náðst um kaup og kjör, en ekki sé síður mikilvægt að skattalækkanir á fyrirtæki, sem boðaðar voru í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, hafi verið útfærðar og tímasettar.

Krónan styrktist lítillega í gærmorgun, en Edda Rós segir of snemmt að dæma um áhrifin á fyrsta degi. „Við erum öll að leita að botninum,“ segir hún. Mikil svartsýni hafi haft áhrif á verðmyndun á hlutabréfamarkaði hér á landi undanfarið, og kjarasamningar og boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni væntanlega draga úr óvissu og um leið draga úr svartsýni.

Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands hækkaði um 1,33 prósent í gær. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans segir að boðuð skattalækkun eigi þátt í þeirri hækkun.

Kjarasamningarnir munu líklega verða til þess að lendingin í efnahagslífinu verði mýkri en ella, en Edda Rós segir að þrátt fyrir það sé staðan með þeim hætti að ekki séu lengur líkur á því að lendingin verði mjög mjúk. „Það verða einhver átök að lenda þessu, en þetta útspil er mjög jákvætt.“



**HANDSALAÐ** Þeir Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, og Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, tókust í hendur eftir að kjarasamningar höfðu verið undirritaðir á sunnudagskvöld. Formaður greiningardeildar Landsbankans segir samningana líklega leiða til mýkri lendingar í efnahagslífinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR



ARNÓR SIGHVATSSON

Framkvæmd nýgerðra kjarasamninga skiptir miklu máli þegar áhrifin á verðbólguna eru metin, segir Edda Rós. Samningarnir gera ráð fyrir því að lægstu launin hækki umtalsvert á vinnustöðum þar sem greitt er að mestu eftir töxtum, en þeir sem notið hafi mikils launaskriðs undanfarið fái ekki slíkar hækkanir. Miklu mun því skipta hversu langt upp launastigann hækkanirnar ganga, segir Edda Rós.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, vildi í gær ekki tjá sig um áhrif kjarasamninga og aðgerðar stjórnvalda enn. Hann segir vandasamt að meta hvað þetta þýði þegar upp er staðið, oft sé ekki allt komið upp á yfirborðið þó að samningar hafi verið undirritaðir.

Sérfræðingar bankans munu fara vandlega yfir áhrifin af samningunum og aðgerðum stjórnvalda á næstunni, en næsti vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er hinn 10. apríl. Sama dag gefur bankinn út ritið Peningamál, þar sem fjallað verður ítarlega um áhrifin, segir Arnór.

**brjann@frettabladid.is**



**VLADÍMÍR PÚTÍN OG DMITRY MEDVEDEV** Pútín tilnefndi Medvedev sem sinn eftirmann í forsetaembættið sem kosið verður um 2. mars næstkomandi.

NORDICPHOTOS/AFP

Líklegasti eftirmaður Pútíns:

# Sakar vestræn ríki um njósnir

**RÚSSLAND, AP** Dmitry Medvedev, forsetaframbjóðandi og líklegasti eftirmaður Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, gaf í skyn að menningarstofnunin The British Council stæði fyrir njósnum í Rússlandi ásamt erlendum félagasamtökum. Kom þetta fram í rússneska vikublaðinu Itogi í gær.

Ásakanir um njósnir vesturveldanna í Rússlandi hafa ítrekað komið fram undanfarið. Ummæli Medvedevs vekja þó athygli þar sem hann hefur hingað til ekki tekið jafn harða afstöðu gagnvart vestrinu eins og Pútín. Hefur það verið túlkað sem svo að kosning hans í forsetaembætti geti liðkað fyrir samskiptum þarna á milli. **- sdg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ökumaðurinn í Danmörku

Ölvaður ökumaður reyndi að villa um fyrir lögreglunni á Selfossi um nýliðna helgi. Maðurinn ók bíl út af við Aratungu en vildi meina að félagi hans hefði verið við stýrið. Við eftirgrennslan kom í ljós að félaginn var í flugvél á leið frá Danmörku og viðurkenndi maðurinn þá að hafa ekið bifreiðinni.

### Eiturlyfjafundur í Hveragerði

Tæp tuttugu grömm af nýlega ræktuðu marijúana auk kannabisfræja og áhalda til neyslu fundust við leit lögreglunnar á Selfossi í íbúðarhúsi í Hveragerði á laugardagskvöldið. Húsráðandi játaði að eiga fíkniefnin.


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

# Fundarfriður

Markvissir fundir í friði og ró




Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**SNÖGGKÓLNAR**
Það ganga kuldaskil inn á vestanvert landið eftir hádegi og í kjölfarið kólnar nokkuð snögglega. Úrkoman breytist þá úr rigningu yfir í él. Skilin ganga svo austur yfir land og seint í kvöld verða víða él á landinu með hita mjög nálægt frostmarki.

Í DAG KLUKKAN 18.00



Á MORGUN
8-13 m/s.

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s en allt að 20 m/s á syðstu annesjum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 6° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 2° |
| Gautaborg | 7° |
| London | 9° |
| París | 10° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Berlín | 6° |
| Alicante | 17° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 11° |
| Eindhoven | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 6° |
| Orlando | 21° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Merki sem þú getur treyst

METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA SÍÐAN 1944

Frá árinu 1944 höfum við hjá Ali lagt megináherslu á að gera góðar matvörur úr fyrsta flokks svínakjöti.
Undanfarin ár hefur vöruflokkum verið fjölgað og hafa viðtökurnar verið afar ánægjulegar
og ætlum við að halda áfram að kynna nýjar og spennandi vörutegundir.




2872 / TAKTÍK 11.2.2008

## KJÖRKASSINN



*Gætir þú hugsað þér að skipta um nafn?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við nýundirritaða kjarasamninga?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Íslenskir feðgar eiga yfir höfði sér fangelsisvist í Danmörku fyrir líkamsárás:

# Flugu út til að berja mann

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskir feðgar réðust á karlmann í Danmörku á sunnudag og börðu hann með járnröri. Ástæðan fyrir árásinni var að fórnarlambið, 49 ára Dani, býr með fyrrverandi eiginkonu föðurins. Greint er frá þessu í vefútgáfu danska blaðsins JyllandsPosten í gær.

Faðirinn, sem er fimmtugur, réðst inn í íbúð mannsins í Langebæk skammt frá Vordingsborg á Sjálandi ásamt átján ára syni sínum um klukkan fimm um daginn. Saman hófu þeir að berja manninn, meðal annars með járnröri.

Íslensk sambýliskona Danans, sem er fyrrverandi eiginkona föðursins, hringdi þá í lögreglu, sem kom og sótti feðgana. Maðurinn sem varð fyrir barsmíðunum þurfti að leita sér aðstoðar á sjúkrahúsi, en var ekki talinn alvarlega meiddur.

Talið er að feðgarnir hafi farið til Danmerkur til þess eins að ráðast á manninn. Þeim var sleppt að lokinni yfirheyrslu, þar sem ekki þótti ástæða til að úrskurða þá í gæsluvarðhald. Þeir eiga yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi fyrir líkamsárás. - sþs



**LÖGREGLUBÍLL** Fórnarlamb árásarinnar þurfti að leita sér aðstoðar á sjúkrahúsi en var ekki alvarlega slasað.

Ný aðferð í hjartalækningum:

# Betri lífslíkur eftir hjartaáfall

**GRONINGEN, AP** **Hollenskir vísindamenn við háskólasjúkrahúsið Medical Center Groningen hafa uppgötvað nýja aðferð til að lengja lífslíkur þeirra sem fengið hafa hjartaáfall.**

**Felst hún í því að fjarlægja blóðkökkinn sem stíflar æðina til hjartans í stað þess að ýta honum til hliðar. Dánartíðni þeirra sem fengið hafa hjartaáfall er ekki há, en þessi uppgötvun gæti hins vegar nýst sem áfangi í bættum lækningaaðferðum.**

**Við rannsóknina var notast við gögn um 1.071 sjúkling sem lagðist inn á árunum 2005 til 2006.** - gsh


NÝJAR H4 og H7 bílaperur frá PHILIPS




PHILIPS
X-treme Power
allt að 80% meira ljós

20% afsláttur í febrúar

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.


# Samfylking vill bjóða upp byggðakvótann

**Samfylkingin kynnti í gær hugmyndir um að byggðakvótinn verði boðinn upp á almennum markaði. Hugmyndin er sett fram sem svar við gagnrýni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Þingmanni Frjálslyndra líst vel á.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kynnti þá hugmynd í gær að byggðakvóti yrði boðinn upp á almennum markaði en andvirðið rynni síðan til sjávarbyggða sem áður hefðu notið góðs af honum.

„Það sem við erum að gera er að hefja umræður um það hvernig við getum mætt þeirri gagnrýni sem kemur fram í áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna,“ segir Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. „Umræða um þessi mál hefur hingað til verið í skotgröfunum og oftar en ekki endað fyrir dómstólum en með þessu viljum við kalla að alla hagsmunaaðila til að ræða þessi mál á nýjum grundvelli. Það má síðan vel vera að þessi umræða leiði til niðurstöðu sem við sjáum ekki fyrir núna.“

Sjávarútvegsráðherra hefur heimild til að úthluta um tólf þúsund þorskígildistonnum í byggðakvóta á ári en í nokkrum sveitarfélögum hefur þessi úthlutun gengið erfiðlega fyrir sig. Lúðvík segir að þetta nýja kerfi myndi höggva á þær deilur sem risið hafa í sumum sveitarfélögum vegna þessara úthlutana.

„Kvótakerfið byggist á því að hagræða og hagræðing felur í sér fækkun starfa og er því nokkuð ódælt fyrir sjávarbyggðirnar en með þessu móti mætti nota fjármunina sem tengdir yrðu vissum sveitarfélögum til að auka störfin þar.“

Grétari Mar Jónssyni, þingmanni Frjálslynda flokksins, líst vel á þessa hugmynd. „Mér líst vel á þetta svo langt sem það nær en til þess að verða við áliti mannréttindanefndar þyrfti að ganga mikið lengra og bjóða upp að minnsta kosti 25 til 30 prósent af veiðiheimildunum árlega. Jafnvel ganga enn lengra og bjóða upp helming veiðiheimildanna til tveggja ára,“ segir hann. „Með þeim hætti er verið að tryggja öllum þeim sem eiga báta jafnan aðgang að þessari auðlind. En það þyrfti þá að útfæra þetta með þeim hætti að allir stæðu jafnir þegar kemur að útboðunum.“

Ekki náðist í Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

jse@frettabladid.is



**AFLINN UM BORÐ** Nái Samfylkingin að landa hugmynd sinni munu sjávarbyggðir ekki fá byggðakvóta sem oftar en ekki er deilt harðlega um heldur andvirði hans eftir sölu á almennum markaði.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**LÚVÍK BERGVINSSON**



**GRÉTAR MAR JÓNSSON**


HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagastofnun
Málstofa

Rétturinn til heilbrigðis

**Miðvikudaginn 20. febrúar kl. 12:15**

**Lögberg, stofa 101**

**Meistaranemar við lagadeild HÍ kynna verkefni sitt.**

**Fjallað verður m.a. um inntak réttarins til heilbrigðis og hvernig hann birtist á hinum ýmsu sviðum heilbrigðis- og tryggingalöggjafarinnar.**

**Verkefnið var unnið haustið 2007 á námskeiði um almannatryggingarétt.**

**Fundarstjóri:**
**Brynhildur G. Flóvenz**
**Lektor í almannatrygginga- og félagsmálarétti**



**Allir velkomnir**

**Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is**


Þingkosningarnar fóru tiltölulega friðsamlega fram í Pakistan í gær:

# Dræm kjörsókn í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Dræm kjörsókn var í þingkosningunum í Pakistan í gær þar sem margir kjósendur héldu sig heima af ótta við árásir herskárra íslamista. Kosningarnar fóru þó tiltölulega friðsamlega fram.

Kjörstöðum var lokað klukkan fimm síðdegis að staðartíma og er lokaúrslita að vænta eftir tvo daga að sögn kosningayfirvalda.

Formaður kjörstjórnar í Punjab, fjölmennasta héraði Pakistans, áætlaði að kjörsókn hefði verið á milli þrjátíu og fjörutíu prósent. Íbúar Pakistan eru 81 milljón talsins.

Tvær skoðanakannanir sem bandarískir aðilar gerðu í Pakistan bentu til þess að flokkur stjórnarandstöðuleiðtogans Benazir Bhutto, sem var myrt í desember, myndi sigra. Næstur kæmi stjórnarandstöðuflokkur Nawaz Sharif og flokkur hliðhollur Musharraf yrði þriðji.

Að minnsta kosti átján manns fórust í átökum milli stuðningsmanna pakistanskra stjórnmálaflokka í gær. Engar fregnir bárust hins vegar af árásum herskárra íslamista, sem hafa verið tíðar í aðdraganda kosninganna og náðu hámarki í morðinu á Bhutto. Kosningunum var seinkað um sex vikur vegna morðsins.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hefur heitið því að starfa með nýrri ríkisstjórn burtséð frá því hver sigrar í kosningunum. - sdg



**KOSIÐ Í SVEITAHÉRUÐUM** Kjörsókn var dræm í þingkosningunum í Pakistan í gær. NORDICPHOTOS/AFP

CITROËN

# Citroën C4 Saloon SX

Tækniafsláttur
**150.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 1.949.000*

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í bl. akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000



## Sjáðu tækni Citroën í dag

# Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímatækni, gott verð og gæði. Þú kemur á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins.
*Komdu í Brimborg í dag.*

**Komdu á tæknisýningu. Allt að 261.000 kr. tækniafsláttur.**



# Citroën C5 Exclusive II

Tækniafsláttur
**261.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 2.598.000*

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000

# Citroën C3 SX

Tækniafsláttur
**127.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 1.598.000*

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Listaverð kr. 1.725.000



GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

*Komdu í Brimborg.*
*Þú sérð að hver og einn Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig.*
*Vertu á tæknisýningu.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Ath. allt að 100% fjármögnun er í boði fyrir Citroën C3, C4 og C5. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og af C4 og C5 álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Engin sorgleg sambandsslit

Það er Síminn

AÐALFUNDUR TEYMIS HF.
27. febrúar

Stjórn Teymis hf. boðar til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 27. febrúar kl. 8:30 á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillögur til breytingar á samþykktum:
   a. Heimilisfang félagsins.
   b. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til hækkunar hlutafjár um allt að 150.000.000 kr.
   c. Ákvæði um dagskrá aðalfundar.
8. Tillaga um starfskjarastefnu fyrir næsta starfsár.
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 8:00.

Reykjavík, 19. febrúar 2008
Stjórn Teymis hf.

TEYMI

Syrgjandi faðir bar vitni í gær:

# Díana og Dodi voru myrt



**MOHAMED AL FAYED** Segir Filippus prins, eiginmann Elísabetar II Englandsdrottningar, hafa skipulagt morðið. NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND, AP** Mohamed Al Fayed, faðir Dodis Al Fayed sem lést ásamt Díönu prinsessu af Wales í bílslysi 1997, sagði gögn sanna að parið hefði verið myrt þegar hann bar vitni fyrir dánardómstól í London í gær.

Eftir lát Díönu barst lögreglu skjal með samtali hennar og lögfræðings þar sem hún sagðist óttast um líf sitt. Skjalið var ekki birt fyrr en sex árum síðar og sagði Al Fayed seinkunina sanna að parið hefði verið myrt. „Hún sagðist óttast að hún myndi deyja eða verða myrt í bílslysi og það kom síðan fyrir hana og son minn.“

Al Fayed tilgreindi ættingja Díönu, starfsfólk og lögreglumenn sem hann sagði hafa átt aðild að morðinu. - sdg



**SERBAR MÓTMÆLA SJÁLFSTÆÐISYFIRLÝSINGU** Þúsundir Serba ganga að brúnni yfir Ibarfljót sem skilur að serbneska og albanska hluta borgarinnar Mitrovica í norðanverðu Kosovo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Engin eining um Kosovo

**Afganistan varð fyrst ríkja heims til að viðurkenna sjálfstæði Kosovo. Serbar segjast aldrei ætla að sætta sig við aðild Kosovo að alþjóðastofnunum.**

**KOSOVO, AP** Bandaríkin og flest aðildarríki Evrópusambandsins, þar á meðal Þýskaland, Frakkland og Bretland, hafa ákveðið að viðurkenna sjálfstæði Kosovo.

Enginn einhugur er þó innan Evrópusambandsins í þessu máli. Spánverjar og Slóvakar segja sjálfstæðisyfirlýsinguna ólöglega. Grikkir, Rúmenar og Kýpverjar ætla heldur ekki að viðurkenna Kosovo.

Fyrst allra ríkja til þess að viðurkenna nýja ríkið varð hins vegar Afganistan.

Þúsundir Serba í borginni Mitrovica efndu í gær til mótmæla gegn því að Kosovo yrði sjálfstætt ríki. Fólkið hrópaði „Þetta er Serbía“ og „Niður með Bandaríkin“. Sumir báru myndir af bandaríska fánanum með hakakross krotaðan yfir.

Stjórnin í Serbíu hefur lagt fram kæru á hendur leiðtogum Kosovo fyrir að stofna „falsríki“ og brjóta með því gegn stjórnlögum Serbíu.

„Hið svokallaða Kosovo-ríki verður aldrei aðildarríki Sameinuðu þjóðanna,“ sagði Vuk Jeremic, utanríkisráðherra Serbíu. „Serbar munu beita öllum ráðum á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir viðurkenningu Kosovo.“

Hann segir að Serbar treysti því að Rússar komi í veg fyrir að Kosovo fái aðild að Sameinuðu þjóðunum. Serbar muni einnig koma í veg fyrir að Kosovo fái aðild að bæði Evrópuráðinu og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Til þess að fá aðild að þessum stofnunum þurfa öll aðildarríkin sem fyrir eru að hafa gefið samþykki sitt.

„Meðan Serbía er aðildarríki að þeim fær hið svokallaða Kosovoríki ekki aðild,“ sagði Jeremic.

Serbar hafa öldum saman búið í Kosovo. Þar er vagga menningar þeirra og fjölmargar sögulegar minjar sem þeir hafa sterkar taugar til. Albanir voru allt þar til á síðustu öld í minnihluta íbúa, en segjast vera afkomendur þjóðar sem bjó þar til forna.

Serbar og Kosovo-Albanar áttu í heiftúðugu stríði árin 1998-99, sem lauk eftir harðar loftárásir Atlantshafsbandalagsins. Síðan hefur Kosovo verið undir umsjón Sameinuðu þjóðanna og NATO, og verður það áfram þrátt fyrir sjálfstæðisyfirlýsinguna.

Atlantshafsbandalagið ítrekaði í gær að 16 þúsund manna herlið á vegum þess yrði áfram í Kosovo, bæði til að vernda serbneska minnihlutann og aðstoða við að byggja upp réttarríki. gudsteinn@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Stærsta GSM dreifikerfið

Það er Síminn

SHARP®

# Upplifðu myndgæði morgundagsins!



## 32" LCD sjónvarp

SHARP LC32WD1E

- **HD Ready** - 1366x768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
- Svartími: 6 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
- TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack hljóð

***Verð kr. 129.900,-***



## 42" LCD sjónvarp

SHARP LC-42AD5SBK

- **HD Ready** - 1366 x 768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1
- Svartími: 6 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari
- Tenginar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component, AV / S-Video,
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack

**37": *Verð kr. 149.900,-***
LC-37AD5SBK

**42": *Verð kr. 179.900,-***
LC-42AD5SBK



## 46" LCD sjónvarp

SHARP LC46XL1E

- **FULL HD** - 1920 x 1080 upplausn
- Skerpa: 2000:1 (Dynamic 10000:1)
- 100 HZ tækni
- Svartími: 4 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari, C.I. rauf fyrir afruglarakort, TruD myndvinnsla eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack

***Verð kr. 329.900,-***

**ORMSSON**
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

**ORMSSON**
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

**ORMSSON**
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

**ORMSSON**
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

**ORMSSON**
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

**ORMSSON**
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

**ORMSSON**
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

**ORMSSON**
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

**ORMSSON**
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

**ORMSSON**
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

**ORMSSON**
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

SHARP® – *tæknilega framúrskarandi.*

**ORMSSON**

*Veldu vandað!*



**HUGLEIÐA FRAMTÍÐ BORGAR** Fimmtíu rúmum var í gær komið fyrir á torginu Grote Markt í Groningen í Hollandi til þess að fólk gæti lagst þar til hvílu stundarkorn og íhugað framtíð borgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ýmsar flækjur fylgja því að gefa yngsta aldurshópnum frítt í strætó:

# Börnin vantar 30.000 skilríki

**SAMGÖNGUR** Áform nýs meirihluta í borgarstjórn, um að gefa öllum börnum, öryrkjum og öldruðum frítt í strætó, gætu þýtt að prenta þyrfti 30.000 persónuskilríki fyrir yngsta aldurshópinn, að sögn Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætós.

Áformin hafa reyndar enn ekki verið kynnt fyrirtækinu en Reynir kveður stjórnmálamennina hljóta að gera það, fyrr en síðar.

Verði þau að veruleika fá flestir Reykvíkingar frítt í vagninn, utan hrausts, ungs og vinnandi fólks.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarmaður Strætós, hefur lýst því yfir að hægt væri að spara um fimmtíu milljónir árlega með því að láta af innheimtu fargjalda. Reynir staðfestir að ýmis vandkvæði fylgi því að aðeins einn hópur þurfi að borga. Til dæmis þarf að prenta áðurnefnd skilríki fyrir alla hina.



**LEIÐ 15 ÚR GRAFARVOGI** Áhyggjufullir foreldrar hafa látið í sér heyra vegna hugmyndar um að gefa öllum börnum frítt í strætó. Börnin geta þá ferðast á eigin vegum frá Seltjarnarnesi og allt upp á Akranes. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að auki mun bannað, samkvæmt lögum um persónuvernd, að afhenda börnum persónuskilríki án skriflegs samþykkis foreldra.

Þá mun fólk, sem starfar að lýðheilsumálum, óttast um að hætta sé á að börnin hætti að hreyfa sig og taki bara strætó í staðinn.

Síðast en ekki síst hafa nokkrir foreldrar látið í ljósi áhyggjur af því að gefa eigi börnunum frítt í strætó. Afkvæmin geti þá ferðast frjáls með strætó, hvenær sem er og hvert sem er. **- kóþ**

George Bush eldri:

# Styður McCain sem forsetaefni

**BANDARÍKIN, AP George H.W. Bush eldri, sem var forseti Bandaríkjanna 1989-93, lýsti í gær yfir stuðningi við John McCain í prófkjörsbaráttu Repúblikanaflokksins um útnefningu sem forsetaefni flokksins.**

**Bush sagði McCain hafa „mótast í deiglu stríðs“ og sagðist telja hann best búinn undir það að leiða bandarísku þjóðina á komandi árum.**

**McCain sagðist stoltur af því að njóta stuðnings frá Bush eldri. McCain hefur hins vegar harðlega gagnrýnt núverandi forseta, George W. Bush yngri.** **- gb**

Alltaf í sambandi

Það er Síminn



**ÓNÝTUR** Eins og sjá má er bíllinn, sem er af BMW-tegund, gjörónýtur eftir áreksturinn. Stórt gat kom á húsvegginn þar sem bíllinn lenti, en íbúðin fyrir innan var mannlaus. MYND/SKESSUHORN

Átján ára drengur þungt haldinn eftir harðan árekstur:

# Fór af veginum og hafnaði á húsvegg

**SLYS** Átján ára drengur slasaðist alvarlega í hörðum árekstri fólksbíls við hús á Akranesi um klukkan þrjú í gær. Honum var haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans þegar Fréttablaðið fór í prentun. Ökumaðurinn, einnig átján ára, slapp án alvarlegra meiðsla.

Samkvæmt lögreglu var bílnum ekið norður Vesturgötu þegar ökumaður missti stjórn á honum, fór yfir steinvegg og hafnaði á hlið húss. Höggið var svo þungt að hluti veggjarins þeyttist inn í íbúðina, sem var mannlaus. Bíllinn er gjörónýtur.

Piltarnir voru báðir meðvitundarlausir þegar lögregla kom að, en hvorugur var með bílbelti. Þeir voru fluttir á Sjúkrahúsið á Akranesi, en þaðan var farþeginn fluttur á Landspítalann í Reykjavík til frekari aðhlynningar.

Að sögn bæjarlæknis á Akranesi er ökumaðurinn með meðvitund og líður bærilega.

Orsakir slyssins eru ekki ljósar, og er lögreglurannsókn hafin. Vitað er að ökumaðurinn tók fram út öðrum bíl skömmu áður en slysið varð. Vegurinn var einnig blautur þegar bíllinn fór út af. **- sþs**

AÐALFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Súlnasal Hótel Sögu 20. febrúar kl. 14.

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2008 verður haldinn á Hótel Sögu, Súlnasal, miðvikudaginn 20. febrúar kl. 14.

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2007.
- Endurskoðaðir reikningar bankans fyrir árið 2007.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á árinu 2007.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.1)
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans.
- Kosning til stjórnar.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
- Tillaga um framlag í Menningarsjóð Glitnis.
- Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum í Glitni banka hf.
- Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 13–14 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur, ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð. Þessi gögn eru einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Stjórn Glitnis banka hf.

1) Gerð er tillaga um að aðalfundur samþykki breytingu á 4. gr. samþykkta félagsins um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár.

GLITNIR

Palomino SINCE 1968

Yearling 103 fellihýsi

Árgerð: 2006

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM



360.000,- kr. AFSLÁTTUR

Fullt verð kr. 1.360.000,-

Tilboð kr. 1.000.000,-

Aukahlutir: Grjótgrind, tvöföld gaskútafesting og skyggni

TJALDVAGNALAND

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

512 5050 Auglýsingasími

– Mest lesið



Verktakafyrirtæki sýknað:

## Féll á grjót á eigin ábyrgð

**DÓMSMÁL** Verktakafyrirtæki hefur verið sýknað af bótakröfu rúmlega fertugs manns vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir árið 2001. Maðurinn féll niður af grjóthrúgu á lóð við Skemmuveg í Kópavogi og lenti á bakinu. Hann hlaut 35 prósenta örorku.

Lögmaður mannsins hélt því fram fyrir dómi að fyrirtækið bæri skaðabótaábyrgð á slysinu vegna aðstæðna á vinnustað. Grjótið hefði verið hált og öryggisbúnað vantað. Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur féllst ekki á þetta og úrskurðaði að slysið væri rakið til óhappatilviljunar. - sþs



**HENGILSSVÆÐIÐ** Bitruvirkjun er ætlað að rísa á Hengilssvæðinu.

Bæjarstjórn Hveragerðis:

## Ítreka andúð á Bitruvirkjun

**SVEITARSTJÓRNIR** „Skoðun Hveragerðisbæjar snýr eingöngu að virkjanaframkvæmdum í nágrenni við bæinn sem haft geta neikvæð áhrif á umhverfi og lífsafkomu bæjarbúa,“ segir í ályktun bæjarstjórnar Hveragerðis, sem ítrekað hefur andstöðu við fyrirhugaða Bitruvirkjun.

Eins og fram hefur komið er áætlað að áformað álver í Helguvík fái raforku frá Bitruvirkjun. Bæjarstjórn Hveragerðis segist ekki hafa tekið afstöðu með eða á móti byggingu álvera almennt. „Reynist Bitruvirkjun nauðsynleg forsenda álvers telur Hveragerðisbær nauðsynlegt að leggjast gegn málinu öllu,“ segir bæjarstjórnin hins vegar. - gar

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Innbrot í hesthús í Ölfusi

Verðmætum rafmagnsverkfærum var stolið í innbroti í hesthús í byggingu í Þorlákshöfn aðfaranótt laugardags. Meðal verkfæranna má nefna verkfærakassa, borvélar, heftibyssur, slípirokka og rafsuðuvél. Biður lögregla þá sem veitt geta upplýsingar að hafa samband í síma 480 1010.

### Tíu ára ók um á fjórhjóli

Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af tíu ára dreng sem ók á fjórhjóli um götur Stokkseyrar á föstudagskvöldið. Höfðu vegfarendur tilkynnt að legið hefði við slysi vegna aksturs drengsins. Er hann ósakhæfur en mál hans verður sent barnaverndaryfirvöldum til meðhöndlunar.





Besta þjónusta farsímafyrirtækja
Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007
Það er Síminn



SÍMI 410 4000 · LANDSBANKI.IS · EYDDU Í SPARNAÐ

Eyddu í sparnað í dag

Ekki láta einfalda hugmynd eins og að eyða í sparnað flækjast óþarflega fyrir þér. Landsbankinn býður upp á einfaldar sparnaðarleiðir sem henta hverjum og einum.

Þú þarft einungis að fara á landsbanki.is eða hafa samband í síma 410 4000, velja upphæð og eina af eftirtöldum sparnaðarleiðum og byrja að spara reglulega.

1. Sparað í sjóðum

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fjárhæð, allt frá 5.000 kr. á mánuði.
- Velja sjóð eftir ráðlögðum fjárfestingartíma miðað við áhættustig:
  - Peningabréf, a.m.k. 1 mán.
  - Safnbréf varfærin, a.m.k. 1 ár
  - Safnbréf blönduð, a.m.k. 3 ár
  - Safnbréf framsækin, a.m.k. 5 ár

2. Sparað á bók

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fasta fjárhæð, allt frá 500 kr. á mánuði.
- Velja innlánsreikning - hægt er að velja á milli bundinna eða óbundinna og verðtryggðra eða óverðtryggðra innlánsreikninga.

3. Sparað með korti

Þú þarft einfaldlega að:

- Ákveða hvort þú vilt spara með debet- og/eða kreditkorti.
- Ákveða hvort þú vilt hækka upphæðina sem keypt er fyrir í næstu 100, 500 eða 1.000 kr., eða hækka hverja færslu um fasta upphæð, 100, 250, 500 eða 1.000 kr.
- Velja sparnaðarreikning sem sparnaðurinn er lagður inn á.

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.

GOTT FÓLK

Landsbankinn

## „ORÐRÉTT“

### Ekkert brjálæði

**„Nei, og það er ekkert brjálæði að fara vel með peninga.“**

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON UM HVORT ÞAÐ SÉ EKKI Á SKJÖN VIÐ BOÐSKAPINN Í LAGI HANS ENIGA MENIGA AÐ NOTA ÞAÐ Í BANKA-AUGLÝSINGU.

**Fréttablaðið, 18. febrúar.**

### Einsdæmi

**„Mér er til efs að samningar af þessu tagi hafi verið gerðir áður.“**

GRÉTAR ÞORSTEINSSON UM NÝJA KJARASAMNINGA. LAUN ÞEIRRA TEKJULÆGSTU HÆKKA LANGMEST.

**Fréttablaðið, 18. febrúar.**

## ÖLGERÐ Á ÍSLANDI:
### ALGENGT FRAM AÐ LOKUM MIÐALDA

Allt frá landnámi var kornöl veisludrykkur Íslendinga. Var ölið bruggað úr malti og kallað mungát en innflutt öl kallað bjór. Malt, vatn og ger var notað til ölgerðar auk þess sem ekki er ólíklegt að trjábörkur eða einiber hafi verið sett í ölið. Á 12. öld er farið að nota humla til ölgerðar, til að bragðbæta og til að verja ölið skemmdum. Ölgögn eða hitugögn voru þau kölluð áhöldin til ölgerðar.

Nálægt lokum miðalda var hætt að rækta bygg á Íslandi og dró úr innlendri bjórgerð. Var bjór þá aðeins drukkinn til hátíðarbrigða en í nágrannalöndunum var hann hins vegar víða daglegur drykkur. 12. janúar árið 1900 var svo bannað að brugga áfenga maltdrykki á Íslandi en 1. mars 1989 var bjórsala og neysla aftur leyfð.



**Heimild: Vísindavefurinn**

**tilveran** *nær og fjær*

# Viðskiptavit kvenna virkjað

**Hugmyndaríkar konur um allt land fengu á dögunum styrki frá félagsmálaráðherra til að þróa viðskiptahugmyndir sínar. Markmiðið er að konurnar geti haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur.**

Styrkirnir nema samtals tæpum sextán milljónum króna og eru liður í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskaflaheimildum. Þar af leiðir að flestir styrkirnir voru veittir konum á landsbyggðinni.

Umsóknir voru 115 en 28 verkefni hlutu styrki að fjárhæð frá 200 þúsund upp í eina og hálfa milljón króna. Hæstu styrkina fá verkefnin Spákonuhof á Skagaströnd og búningaleiga á Akureyri.

Ásta Hafberg S. á Fáskrúðsfirði er meðal þeirra kvenna sem fengu styrki. Hún hlaut 200 þúsund krónur til að hefja framleiðslu, markaðssetningu og sölu á skóþurrkunarofnum fyrir heimili en hún og maður hennar, Bastian Hans Fritz Stange, hönnuðu slíkan ofn og nota á heimili sínu.

„Þetta kom til af því að við eigum fjögur börn og þegar haustaði og vetraði vorum við í stöðugum vandræðum með blauta skó,“ segir Ásta. Þau hjónin ákváðu því að reyna að hanna og búa til ofn til að þerra blauta barnaskóna á heimilinu.

Verkið reyndist ekki mikið mál og þegar ofninn var kominn upp á vegg á heimili þeirra vakti hann mikla athygli gestkomenda. „Fólki sem kom í heimsókn fannst þetta rosalega sniðugt og vildi fá svona heim til sín,“ segir Ásta.

Í framhaldinu sóttu þau um styrki til að þróa hugmyndina en þau hafa átt góða að í verkstæðinu Vélgæði á Fáskrúðsfirði og Vélaverkstæði Guðmundar Skúlasonar í Neskaupstað. Fullkomin frumgerð af ofninum, sem Ásta og Bastian kalla Ísofn, er nú í vinnslu og hyggjast þau senda hana til gæðaprófana til að fá vöruna vottaða. Vonast þau til að Ísofn komist í almenna sölu í haust. En Ásta horfir ekki bara til heimila því hún segir ofninn vel eiga heima í skólum og leikskólum. Auðvelt sé að laga hönnunina að ólíku rými og setja upp við snaga.

bjorn@frettabladid.is



**ALDA DAVÍÐSDÓTTIR** Hugmynd hennar gengur út á sjóræningjasetur á Patreksfirði. Á setrinu yrði sett upp sýning sem gerir skil sjóránum við Íslandsstrendur.



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR** Viðskiptahugmynd hennar er að koma á fót sögusetri um Spánverjavígin á Ísafirði. Tilgangurinn er að glæða ferðaþjónustu og ýta undir frekari menningarsögulegar rannsóknir á svæðinu.



**SITJA EKKI MEÐ HENDUR Í SKAUTI** Bastian Stange og Ásta Hafberg eru langt komin með að setja skóþurrkunarofninn í almenna sölu. Ofninn nefna þau Ísofn og ætti hann að rúmast í hvaða forstofu sem er.



**SKÓÞURRKARI ÁN SKÓA**



**SKÓÞURRKARI MEÐ SKÓM**

## ER HÆGT AÐ RÆKTA RJÚPUR?

Regína Ólína Þórarinsdóttir á Hvammstanga fékk 200 þúsund króna styrk fyrir viðskiptahugmynd sem gengur út á að rækta rjúpur fyrir jólamarkaðinn. Verkefnið er á frumstigi og fyrsta skrefið er að rannsaka möguleika á rjúpnarækt.

„Mér datt þetta í hug þegar rjúpurnar voru að seljast á okurverði í haust,“ segir Regína Ólína, sem sjálf borðar ekki rjúpur. Hún hefur í raun ekki hugmynd um hvort hægt sé að ala rjúpur eins og til dæmis kjúklinga og kalkúna en með 200 þúsund krónunar að vopni ætlar hún að kanna málið og þróa viðskiptahugmyndina, verði niðurstöðurnar jákvæðar.

Regína segir að í eina tíð hafi verið nóg af rjúpum í grennd við Hvammstanga en þeim hafi fækkað þar eins og annars staðar. Því verði að fá botn í hvort hægt sé að rækta þær.

### VIÐSKIPTAHUGMYNDIR 28 KVENNA SEM FÁ STYRK FRÁ FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

| Nafn | Heimili | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|---|
| Alda Davíðsdóttir | 450 Patreksfjörður | Sjóræningjahúsið – menningartengd ferðaþjónusta | 500.000 |
| Anne Manly Thomsen | 781 Höfn í Hornafirði | Heimavinnslan Jöklaís | 300.000 |
| Ásta Hafberg S. | 750 Fáskrúðsfjörður | Útivista/skóþurrkunarofnar (Ísofnar) | 200.000 |
| Bergrún Jóhanna Borgfjörð | 720 Borgarfjörður eystri | Álfheimar ferðaþjónusta Borgarfirði eystra | 1.000.000 |
| Dorothee Lubecki | 801 Selfoss | Lífrænar rabarbara– og berjasultur | 300.000 |
| Elín Rósa Bjarnadóttir | 545 Blönduós | Stofa Höllu og Eyvindar | 1.000.000 |
| Gauksmýri ehf. | 531 Hvammstangi | Hrafnaþing – sýning um íslenska hrafninn | 1.000.000 |
| Guðríður Ragnarsdóttir | 111 Reykjavík | Berjamór | 300.000 |
| Guðrún Egilsdóttir | 601 Akureyri | Rjómaísgerð og kaffihús | 500.000 |
| Hallfríður Finnborg Sigurðardóttir | 510 Hólmavík | Töfrastiklingar | 1.000.000 |
| Helga Ingimarsdóttir | 545 Skagaströnd | Úr hreiðri í sæng | 300.000 |
| Hildur Pálsdóttir | 510 Hólmavík | Álfasulta og Heljarskinn | 300.000 |
| Hildur Stefánsdóttir | 681 Þórshöfn | Landslagsarkitektastofan Larka | 300.000 |
| Hlédís Sveinsdóttir | 365 Snæfellsbær | Eigið fé ehf. | 500.000 |
| Hrafnhildur Hafdís Sverrisdóttir | 620 Dalvík | Kofinn skólagæsla – Fyrir káta krakka | 300.000 |
| Kristín Scheving | 701 Egilsstaðir | Hreindýraland, kvikmynda– og vídeólistahátíð | 300.000 |
| Kristín Sigvaldadóttir | 601 Akureyri | Búningaleiga og saumastofa | 1.500.000 |
| Nanna Höskuldsdóttir | 680 Þórshöfn | Þróun á framleiðslu og geymslu Kúffisk | 790.000 |
| Ólína Þorvarðardóttir | 400 Ísafjörður | Sögusetur um Spánverjavígin | 300.000 |
| Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir | 660 Mývatn | Sælkeraverslun í sveitinni | 500.000 |
| Regína Ólína Þórarinsdóttir | 531 Hvammstangi | Rjúpnarækt ehf. | 200.000 |
| Sara María Björnsdóttir | 233 Hafnir | Útfararstofa fyrir konur sem á að heita Hvítar rósir | 300.000 |
| Saumastofan Íris – Skagaströnd | 545 Skagaströnd | Vöruþróun og markaðssetning Saumastofu | 950.000 |
| Sesselja Traustadóttir | 105 Reykjavík | Skipulag og stofnun umferðagarðs | 300.000 |
| Sigrún Ingvarsdóttir | 641 Húsavík | Útfararþjónusta Húsavíkur og nágrennis ehf. | 550.000 |
| SJ bókhaldsþjónusta | 680 Þórshöfn | Bókhaldsþjónusta | 300.000 |
| Spákonuarfur | 545 Skagaströnd | Spákonuhof á Skagaströnd | 1.500.000 |
| Villimey slef | 460 Tálknafjörður | Vöruþróun fyrir erlendan markað | 500.000 |
| | | **Samtals** | **15.790.000** |




# Tölvu- og bókhaldsnám

**198 stundir. Verð: 159.000.-**

Morgunnámskeið | Kennt er alla virka daga nema föstudaga frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 25. mars og lýkur 26. maí.
Kvöld- og helgarnámskeið | Kennt er á þri.- og fim. frá 18:00 til 22:00 og lau. frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 4. mars og lýkur 29. maí.

Í þessu námi er megináherslan lögð á hagnýta tölvunotkun og bókhald. Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur fyrir störf á skrifstofu og byggir námið sérlega góðan grunn fyrir þá sem vilja vinna sem bókarar.

***Bókhald (36 stundir)***

Helstu reikningar eru teknir fyrir og verkefni færð í dagbók. Kennd er afstemming með prófjöfnuði ásamt reikningsjöfnuði og gerð efnahags- og rekstrarreiknings.

***Tölvubókhald - Navision (54 stundir)***

Færðir eru sjö mánuðir með raunverulegum fylgiskjölum og tilheyrandi uppgjörum og afstemmingum. Einnig eru gerð virðisaukaskatts- og launauppgjör.

***Verslunarreikningur (24 stundir)***

Sá hluti af stærðfræðinni sem mest er notaður í almennri skrifstofuvinnu. Prósentureikningur, afsláttur og álagning, útreikningur á vísitölu, vörureikningi og veltuhraða, vaxtareikningur o.m.fl.

***Tímastjórnun (6 stundir)***

Farið er í helstu þætti tímastjórnunar og mikilvægi þess að setja sér raunhæf markmið og ná þeim.

***Windows stýrikerfið og Internetið (12 stundir)***

Rík áhersla er lögð á þá þætti sem tengjast almennri notkun, afritun og skipulagningu.

***Word ritvinnsla (24 stundir)***

Farið er yfir margar helstu aðgerðir sem Word ritvinnsluforritið býður upp á. Krefjandi og skemmtileg yfirferð.

***Excel töflureiknir (24 stundir)***

Kenndar eru helstu aðgerðir við útreikninga og virkni töflureiknis ásamt grafískri framsetningu gagna.

***PowerPoint (12 stundir)***

Kennt er hvernig má útbúa skemmtilegar kynningar (glærur) og lifandi, gagnvirka fyrirlestra.

***Office 2007 (6 stundir)***

Kynntar eru helstu breytingar Office pakkans með tilkomu nýjustu útgáfunnar, Office 2007.

**UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 544 4500**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**

PARKET | FLÍSAR | MÁLNING | HREINLÆTISTÆKI

# TILBOÐ



VERKFÆRI




SDAGAR

í Mest Norðlingaholti

Mest Norðlingabraut 12 • Norðlingaholti, Reykjavík • Sími 4 400 100 • Fax 4 400 111 • mest@mest.is • www.mest.is

mest

– allt til framkvæmda

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Evrópuumræðan:
# Nýr tímaás

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Í pólitík er það viðurkennd hernaðarlist að skjóta óþægilega umræðu út af borðinu. Það er líka þekkt aðferð að horfa niður á tærnar en ekki fram á við þegar henta þykir. Í því ljósi er vert umtals og eftirtektar þegar forystumenn í stjórnmálum leggja stór mál í umræðufarveg í þeim tilgangi að takast á við flókin úrlausnarefni og með það að markmiði að leiða umfjöllun um þau til lykta innan afmarkaðs tíma.

Formaður utanríkisnefndar Alþingis, Bjarni Benediktsson, kom Evrópuumræðunni í slíkan farveg um liðna helgi bæði í Ríkisútvarpinu og í fréttaviðtali hér í þessu blaði. Frumkvæði hans markar sannarlega þáttaskil. Því hefur á hinn bóginn ekki verið gefinn sá gaumur í opinberri umræðu sem efni standa til.

Boðskapur formannsins er að verkefni dagsins snúist um að koma á betra jafnvægi eftir þá dýfu sem fjármálamarkaðurinn hefur lent í. Jafnframt þurfi að ljúka nauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá svo að stjórnskipulegar hindranir standi ekki í vegi þess að taka megi ákvarðanir, af eða á, um framtíðarstöðu Íslands í Evrópu og þar með talið myntsamstarfinu eftir tvö til þrjú ár.

Það er rétt mat að umræða á viðskiptaþingi í síðustu viku kaffærði endanlega allar bollaleggingar um að Ísland taki einhliða upp evru eða einhvern annan gjaldmiðil. Spurningin sem þjóðin stendur andspænis er sú hvort tryggja megi meiri stöðugleika til framtíðar með upptöku evru í kjölfar aðildar að Evrópusambandinu. Það mál þarf þá að ræða í heild sinni. Á því eru margar hliðar sem snúa að fjármálum, viðskiptum og pólitískri stöðu landsins í samfélagi þjóðanna.

Í ummælum formanns utanríkisnefndar felst að vísu engin vísbending um breytta efnislega afstöðu í Evrópumálum. Það sem nýtt er í máli hans er tvennt: Í fyrsta lagi viðurkenning á þeirri staðreynd að staða krónunnar kallar eðlilega á endurmat á hagsmunum Íslands gagnvart Evrópu og myntsamstarfinu. Í annan stað að nauðsynlegt er að fella umfjöllun um það heildarmat í skýran farveg og setja henni raunhæfan tímaramma.

Fyrrverandi formaður Framsóknarflokks, Jón Sigurðsson, setti reyndar svipaðar hugmyndir fram, en þær höfðu það yfirbragð að verið væri að skjóta snúinni umræðu á frest. Formaður utanríkisnefndar verður þar á móti ekki skilinn á annan veg nú en hann sé ekki einasta reiðubúinn að takast á við verkefnið heldur sé það þjóðhagslega nauðsynlegt ætli menn á annað borð að taka yfirvegaðar ákvarðanir um breiða og víðtæka framtíðarhagsmuni landsins.

Þegar farið verður að ræða þetta mikla álitaefni í stærra samhengi en því sem snýr að fjármálum, viðskiptum og stöðu krónunnar kemur í ljós að pólitískar aðstæður í heiminum hafa breyst í verulegum atriðum frá því að Ísland kaus að slíta sig frá hinum Norðurlandaþjóðunum fyrir meira en áratug og sækja ekki sameiginlega með þeim um aðild að Evrópusambandinu.

Ríkisstjórnin tilkynnti fyrir skömmu um nefnd sem ætlað er að fylgjast með framvindu Evrópuumræðunnar og eftir atvikum, að því best verður skilið, að fella hana í skynsamlegan farveg. Í forystu fyrir þeirri nefnd eru Illugi Gunnarsson, varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, og Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

Vel má vera að þessir ungu áhrifamenn í stjórnarflokkunum hafi í raun fengið pólitískt stærra viðfangsefni til að glíma við en sjá mátti fyrir við myndun ríkisstjórnarinnar. Alltént hvílir mikil ábyrgð á þeirra herðum með því að hér er ekki verið að fjalla um tittlingaskít gærdagsins í pólitík heldur framtíðarsýn og langtímahagsmuni þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hægri verndarvængurinn

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra var afskaplega hamingjusamur í Mannamáli Sigmundar Ernis á sunnudagskvöld. Össur segir sér líða vel því Samfylkingin beri nafn með rentu þessa dagana og það sé svo gott að vinna með Geir Haarde. Össur segist nefnilega stundum leita ráða hjá Geir þegar hann þurfi að kljást við vandamál í iðnaðarráðuneytinu en „reynir að bögga hann ekki of mikið". Össur hafði heldur ekki neitt upp á Davíð að klaga þegar þeir voru saman í ríkisstjórn. Þá var Össur „junior ráðherra" og lenti oft í vanda með umhverfismálin, sem voru ekki elskuð af öllum, en „fékk skjól hjá Davíð". Bíddu, er Össur í réttum flokki?



### Útópía Bjarna

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknar, skrifaði grein um gjaldeyris- og Evrópumál í Mogga á dögunum. Bjarni telur það „útópískan" kost að Ísland gangi í ESB því „að innganga í ESB mun taka að minnsta kosti fjögur ár frá því þjóðin samþykkir aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef tekið er mið af reynslu Norðmanna og fleiri þjóða er ljóst að frá því þjóðþing samþykkir aðild til þess að þjóð gerir það í allsherjaratkvæðagreiðslu líða að minnsta kosti 5 og jafnvel allt að 15 ár."



### Fjögurra ára áætlanir

Bjarni bendir á að þeim tíma liðnum gætu hafa orðið breytingar í pólitísku landslagi og Íslendingar fjær aðild en nokkru sinni. Hann bætir við: „Þegar rætt er um leiðir í hagfræðilegum vandamálum eru atburðir sem kannski geta átt sér stað eftir 10 ár ekki umræðuefni og í raun og veru í fáum fræðigreinum nema þá helst jarðfræði." Með öðrum orðum getur Ísland ekki tileinkað sér nýjungar ef það tekur lengri tíma en eitt kjörtímabil. Annars gæti eitthvað breyst í millitíðinni. Það er naumast framsýnin – ef framsýni má kalla.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Námsval og njótendur

Á kreppuárunum milli 1930 og 1940 snerust heilabrot æskufólks á Íslandi ekki um hvaða námsbraut það ætti að stefna á heldur hvort það gæti fengið vinnu. Maður sem fæddist árið 1916, og var enn knár og hress árið 2000 þegar við ræddum saman, sagðist hafa verið staðráðinn í að læra og fá réttindi í einhverri iðngrein til að geta séð fyrir sér. Hann hefði byrjaði um fermingu að leita að fyrirtæki sem vildi taka lærling en lengi vel farið bónleiður til búðar. Honum var sama hvort hann yrði rakari, trésmiður, matsveinn eða eitthvað allt annað, en hvergi vantaði vinnuafl. Fimmtán ára komst hann á samning í bifvélavirkjun vegna kunningsskapar náins ættingja og eigandans. Fyrst varð hann að vinna þriggja mánaða reynslutíma launalaust til að sjá hvort hann dygði. Hann komst á samning en tveimur piltum sem voru á reynslutíma um leið og hann var vísað frá fyrir smámuni. Höfðu þá unnið til klukkan sjö á kvöldin sex daga vikunnar í tæpa þrjá mánuði án launa.



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Menntun

### Vitundarspjaldið

Ég efast um að menn sjái fyrir sér það sem áður var kallað kreppa þegar þeir ræða fyrirbærið í dag. Skortur á tækifærum til menntunar og starfa er ekki vandamál ungs fólks. Miklu frekar hitt, að vita hvað það langar til að læra og starfa við. Algengt er og rökrétt að menn líti til afkomumöguleika við val á menntun eða feti slóð foreldra eða félaga. Menntakerfið er opið og tíðarandinn gerir ráð fyrir að fók geti menntað sig á hvaða aldri sem er, þannig að nú hafa menn tækifæri til að fara yfir í allt annað en lagt var af stað með og bæta við sig í stað þess að byrja upp á nýtt. Öll menntun nýtist.

Hitt er dagljóst, að þeir sem fá í vöggugjöf afgerandi hæfileika á einhverju sviði og ástríða þeirra er í sama farvegi, verða naumast í vandræðum með val á framtíðarstarfi. En þó að við lærum eitt og annað gagnlegt er undarlegt hvað við erum takmörkuð þegar kemur að því að þekkja okkur sjálf. Og í því efni eins og svo mörgu öðru vitum við ekki hvað við vitum ekki, og erum því ekkert að leita að því. Lendum kannski fyrir tilviljun í aðstæðum eða verkefni og uppgötvum að þetta liggur opið fyrir okkur. Eitthvað sem hefði ekki hvarflað að manni að sækjast eftir er allt í einu viðblasandi og spennandi kostur.

*Ég held að þetta sé umhugsunarefni. Maður getur vel verið gestur í leikhúsi, á tónleikum eða myndlistarsýningu og fundist bara skemmtilegt, án þess að vera njótandi.*

Það er eins og við séum með einhvers konar vitundarspjald með mörgum lokuðum gluggum sem bíða eftir að vera opnaðir, líkt og jóladagatal. Þarna eru falin viðhorf, hæfileikar og skapandi máttur sem við vitum ekki af fyrr en réttar aðstæður skapast og kannski aldrei.

### Þegar lífið er ævintýri

Vitundarspjaldið er sérstaklega mikilvægt fyrir njótandann í okkur en það er ekki endilega fyrirhafnarlaust að opna þann glugga. Fyrir skömmu var ég að ræða við virtan listamann um njótendur og hann benti mér á að ekki væri lögð nægileg rækt við að fjölga þeim. Íslendingum hefði öldum saman verið kennt að njóta bókmennta og kynnu það þjóða best að eigin mati. Hins vegar færi því fjarri að fólki væri almennt leiðbeint í því að njóta myndlistar og sígildrar tónlistar.

Slíkt kæmi hreint ekki fyrirhafnarlaust til allra. Það þyrfti fordæmi, vinnu og ástríðu til að vekja þessa kennd.

Menntaskólinn í Kópavogi mun hafa kennt almenna listasögu sem skyldufag, en hefur nú hætt því. Kona sem var nemandi þar á sínum tíma varð forviða þegar hún komst að þessu. Finnst einboðið að listasaga ætti að vera kennd í öllum framhaldsskólum. Tímarnir í MK hefðu opnuð henni nýjan heim á sínum tíma og gert hana sjálfa að njótanda fyrir lífstíð.

Ég held að þetta sé umhugsunarefni. Maður getur vel verið gestur í leikhúsi, á tónleikum eða myndlistarsýningu og fundist bara skemmtilegt, án þess að vera njótandi. En það er ólíkt skemmtilegra að hverfa á vit nautnarinnar að róta.

Faðir minn var njótandi á mörgum sviðum. Gigli, Jussi Björling og Stefán Íslandi voru hans menn. Hann naut þess líka að dansa og gerði það af list, var sagnamaður og söngvinn eins og öll systkini hans og hafði fína barítonrödd, en fyrst og síðast var hann þó ástríðu ljóðanjótandi. Og hann naut orðanna og hendinganna af svo mikilli innlifun að ósjálfrátt hafði það áhrif á okkur systurnar og gerði okkur að njótendum. Þó var enginn sláttur á honum. Þetta var bara fallegur og kyrrlátur alþýðumaður með blik í auga sem fannst lífið vera ævintýri.

# Hvað fær maður fyrir 1.500 kall?

**UMRÆÐAN**

Leikhús



**KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR**

Margir eiga góðar minningar frá þeim tíma þegar þeir fóru fyrst í leikhús. Ég var tíu ára þegar ég sá Söngvaseið í Þjóðleikhúsinu, í sömu bæjarferð fór ég í fyrsta sinn í bíó og sá líka alvöru skáta. En líkt og svo margir fleiri sló ég frekari leikhúsferðum á frest nokkuð lengi, sér í lagi á unglingsárunum og fannst ég upptekin við annað.

Það hefur viljað loða við íslenskt leikhús að aldurssamsetning leikhúsgesta er frekar einsleit og erfitt getur reynst að fá ungt fólk til þess að fjölmenna á leiksýningar. Þjóðleikhúsið hefur á undanförnum árum lagt sífellt meiri áherslu á leiksýningar sem höfða til ungs fólks og er liður í því t.d. farandsýningar fyrir framhaldsskólanema og sérstakt svið sem ætlað er sýningum fyrir börn.

Nú stendur yfir mánuður unga fólksins í Þjóðleikhúsinu en markmið hans er að vekja athygli ungmenna á starfi leikhúsanna og er það gert með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða aldurshópnum 15-25 ára leikhúsmiða á 1.500 kr. í febrúar. Og nú þarf ekki að bóka miðann samdægurs heldur getur viðkomandi fengið miða á hvaða sýningu sem er í febrúar á þessu afsláttarverði. Hins vegar nýtum við þetta tækifæri til þess að kynna það sem leikhúsið hefur upp á að bjóða fyrir ungt fólk og vekjum sérstaka athygli á tveimur sýningum sem frumsýndar voru nýverið, leikritinu norway.today eftir Igor Bauersima og nýju íslensku leikriti, Baðstofunni, eftir Hugleik Dagsson.

Leikhús er fyrir alla – ekki bara fyrir ung börn og fullorðna, heldur líka alla þar á milli. Í leikhúsinu kynnumst við sjálfum okkur og öðrum á eftirminnilegan hátt, við verjum saman tíma sem við búum að alla tíð. Flestir fara mun sjaldnar í leikhús en þeir kjósa – en eru alltaf á leiðinni. Nú er tækifærið fyrir þá, og alla hina, til þess að njóta, kynnast eða rifja upp sín fyrri kynni af leiklistinni.

*Höfundur er kynningarstjóri Þjóðleikhússins.*

**Engifer** og sítrónu getur verið gott að skera niður og setja út í tevatnið þessa dagana. Flensufaraldurinn stendur sem hæst og um að gera að beita öllum mögulegum vopnum í baráttunni við pestina.



**Ferðastyrkir** bjóðast nú þeim sem þurfa að leita til talmeinafræðinga og eiga um langan veg að fara til að sækja sér þjónustuna. Sótt er um styrkina hjá Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum stofnunarinnar.



**Göngutúr** getur gert manni mjög gott þó að hann sé ekki langur. Stundum er ágætt að skreppa örstutt út fyrir bæinn með einhverjum úr fjölskyldunni eða góðum félaga og ganga aðeins úti í náttúrunni.

TILBOÐSDAGAR

Dagana 20. febrúar - 1. mars eru tilboðsdagar í Atson
Frábært úrval af leður- og roðvörum með 15 - 70 % afslætti
Komdu og gerðu góð kaup!



OPNUNARTÍMI Á TILBOÐSDÖGUM
mán. - föst. 8.00 - 18.00
fim. 8.00 - 19.00
laugard. 12.00 - 16.00

Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is



Héðinn Ólafsson segir undraheima leynast undir vatnsborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýr heimur í djúpunum

***Héðinn Ólafsson ákvað snemma að verða kafari og segir köfun besta sport í heimi sem allir geti stundað.***

Héðinn hefur kafað í sjónum víða í kringum landið og ákvað snemma að verða kafari. „Ég bjó á Raufarhöfn sem krakki og þangað kom einu sinni kafari til að skera net úr skrúfu á skipi í höfninni,“ segir Héðinn. „Það var í fyrsta sinn sem ég sá kafara og mér fannst þetta alveg svakalega spennandi og ákvað þarna á staðnum að þetta ætlaði ég að gera. Karlinn pabbi var trillukarl og mér fannst svo spennandi hvað þessi heimur var alltaf nálægt manni en samt svo fjarlægur. Maður hafði ekki hugmynd um hvað var þarna niðri.“

Héðinn dreif sig svo á námskeið í köfun árið 1999 og var kominn með kennararéttindi tveimur árum síðar auk þess sem hann sinnir ferðaþjónustu.

„Þetta er mín aðalatvinna en jafnframt áhugamál og forréttindi að geta sameinað þetta tvennt. Minn uppáhaldsköfunarstaður er Silfra á Þingvöllum en Silfra er heimsþekktur köfunarstaður og á lista yfir topp tíu flottustu köfunarstaði í heiminum. Þangað fer ég mikið með ferðamenn og verð aldrei leiður á að skoða.“

Héðinn er áhugamaður um lífið neðansjávar og segir alltaf hægt að sjá eitthvað nýtt í sjónum.

„Að fara þarna niður og sjá hvernig þetta lítur út, til dæmis á svæðinu kringum Raufarhöfn, er ótrúleg upplifun. Þar getur maður líka farið út á bát og kafað og verið nokkuð viss um að vera fyrsti maðurinn sem kemur þarna. Everest er ekkert spennandi lengur því þangað hafa allir farið.“

Héðinn blæs á það að köfun sé bara fyrir fjallhrausta eldhuga og fullyrðir að allir geti stundað köfun.

„Það þarf að útrýma þessum misskilningi að köfun sé bara fyrir einhverja útvalda. Í gamla daga þurftu þetta að vera einhver heljarmenni en það er ekki lengur. Sumum finnst erfitt að komast yfir þröskuldinn að anda undir vatnsborðinu en í köfunarskólanum hjá mér er farið í það skref fyrir skref, og það tekst öllum að yfirstíga þetta. Við erum ekki í neinni vitleysu heldur gerum allt eftir bókinni og þá er þetta besta sport í heimi,“

*heida@frettabladid.is*





**Boltaleikir** eru góð og skemmtileg hreyfing. Vertu þér úti um fótbolta og skoraðu vinnufélaga þinn eða nágranna á hólm og reynið hressilega á ykkur.


## Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**21. febrúar 18:00 - 21:00**
**Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur*

**28. febrúar kl 18:00 - 20:00**
**Heilsukostur - Kökur og eftirréttir**
*Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur*

**04. mars 17:30-19:00**
**Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli?**
*Edda Björgvins leikkona*

**12. mars kl. 20:00 - 22:00**
**Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*


# Margþætt stelpufræðsla

***Það mæðir mikið á ungum stúlkum í dag og ýmsar kröfur eru gerðar til þeirra. Ekki veitir af því að læra sem fyrst að standa í fæturna og treysta á eigið sjálf.***



Alma Guðmundsdóttir skipuleggur og heldur utan um sjálfstyrkingarnámskeið fyrir ungar stúlkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alma Guðmundsdóttir, sem flestir kannast við úr hljómsveitinni Nylon, ætlar um næstu helgi að bjóða upp á sjálfstyrkingarnámskeið í annað sinn en hið fyrra fór fram á haustmánuðum. Á námskeiðinu, sem verður kennt á neðri hæð í versluninni Maður lifandi í Borgartúni, er farið yfir framkomu, sjálfsmynd, heilsu, hreyfingu, fjármál, markmiðssetningu og margt fleira. Námskeiðið er annars vegar ætlað 13 til 15 ára stelpum og hins vegar 16 til 20 ára.

„Námskeiðið er ekki bara ætlað stelpum sem hyggja á söng-, dans- eða fyrirsætuframa heldur bara öllum stelpum sem vilja efla sjálfsmyndina,“ segir Alma. Hún skipuleggur og heldur utan um námskeiðið en fær til liðs við sig kennara sem hafa reynslu á hinum ýmsu sviðum. Má þar nefna Sólveigu Eiríksdóttur sem fjallar um næringu, dansarann Yesmine Olsson, fegurðardrottninguna Unni Birnu Vilhjálmsdóttur, leikarann Agnar Jón Egilson og Freyju Haraldsdóttir sem talar um að láta drauma sína rætast þrátt fyrir fötlun.

„Hugmyndin að námskeiðinu kviknaði í fyrravor þegar ég og vinkona mín, Edda Björg Pétursdóttir fyrirsæta, vorum að ræða um hvað okkur fannst vanta í svona námskeiðshaldi og hvað við hefðum sjálfar viljað læra á þessum aldri. Okkur fannst vanta margþætta fræðslu sem kæmi inn á ýmsa hluti sem ekki eru kenndir í skólum.“

Alma nefnir fjármálafræðslu sem dæmi. Hún segir bankana koma með kynningar í menntaskólana og geta krakkar fengið debetkort og yfirdrátt án mikilla vandkvæða. „Þó að yngstu stelpurnar standi kannski ekki frammi fyrir því er gott að leggja grunninn og kenna þeim að fara varlega. Sömuleiðis að benda á hvernig er hægt að ávaxta peningana sína,“ segir Alma.

Þá segir hún skipta máli að læra réttu handtökin við förðun. „Stelpurnar fá aðstoð við litaval og læra að gera hlutina vel. Þær fá þjálfun í að koma fram og að sigrast á feimni og allir þættir námskeiðsins miða að því að byggja stúlkurnar upp með markvissum hætti.“

Alma segir skráningu á námskeiðið hafa farið fram úr björtustu vonum. „Það fer hver að verða síðust að skrá sig en það er hægt að gera á namskeid.com.“

*vera@frettabladid.is*


Upledger á Íslandi

**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is



***ENDURNÆRANDI JÓGA HELGI***

***1. - 2. og 8. - 9. mars***

Stöður - Öndun - Hugleiðsla
Fyrirlestrar - Hreinsun - Kyrjun
Gönguferðir

ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótelum

Fosshóteli Reykholti

Jóga er lífsstíll

Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260



## Heilunarskóli Skógarsetursins

Grensásvegi 50

**NÆSTU NÁMSKEIÐ OG VIÐBURÐIR:**

**TRANSNÁMSKEIÐ**
*Helgarnámskeið 1. og 2. mars.*
Gott alhliða grunnnámskeið fyrir byrjendur og nauðsynlegur undirbúningur fyrir transheilun sem kennd verður í maí.

**JOHN ALEXANDER**
Skoski miðillinn John Alexander kemur til landsins í apríl og verður með námskeið í miðlun *helgina 19. og 20. apríl*.
Hann verður einnig með einkatíma.
Skráning er hafin, en ennþá eru nokkur pláss laus.



**Sigrún Gunnarsdóttir**
LÆKNAMIÐILL

**Skráning og uppl. um Heilunarskólann og starfsemi Skógarsetursins eru í síma 5551727 og á heimasíðu Skógarsetursins www.skogarsetrid.is**



*Sófalist*



**Spönsku gardínurnar komnar**
**Sófaáklæði, mikið úrval**
**Glæsileg spönsk rúmteppi**
**Leigjum út stólaáklæði fyrir veislur**

**Sófalist, Garðatorgi Garðabæ S. 553 0444, www.sofalist.is**




## Sterk föðurímynd gerir börnum gott

BÖRN SEM ERU Í GÓÐUM SAMSKIPTUM VIÐ FÖÐUR SINN VEGNAR VEL.

Regluleg samskipti barna við feður sína auka líkur á því að þau verði hamingjusöm. Þetta kemur fram í rannsókn á vegum Háskólans í Uppsölum í Svíþjóð.

Niðurstöðurnar benda til þess að börn sem eru í góðu sambandi við föður sinn eða föðurímynd reykja síður, komast síður í kast við lögin,, gengur betur í skóla, hafa betri orðaforða og mynda betri tengsl við önnur börn. *- ve*


# Borðaðu þig granna(n)

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

**www.vigtarradgjafarnir.is**














# húsbyggjandinn

ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Reykjalundur Plastiðnaður dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760

# Rykið á bak og burt

**Öllum framkvæmdum fylgir mikið ryk og drasl. Hreingerningar ehf. bjóða upp á sérstaka þjónustu og þrífa húsnæði hátt og lágt eftir framkvæmdir.**

„Við getum nánast leyst öll hugsanleg hreinsunarverkefni sem koma upp á borð til okkar,“ segir Bacha Terfasa hjá Hreingerningum ehf. en fyrirtækið veitir alhliða þjónustu í heimilisþrifum, ræstingum og almennum hreingerningum. „Við tökum að okkur gluggaþvott, gólfbónun og teppahreinsun svo eitthvað sé nefnt. Ekkert verk er of stórt eða lítið, hvort sem um er að ræða einstök verk eða samning um reglubundna þjónustu,“ segir Bacha.

Það er óhætt að segja að þeir hjá Hreingerningu ehf. veigri sér ekki við að ráðast í öll hugsanleg verkefni sem snúa að þrifum. Á heimasíðu fyrirtækisins www.hreingerningar.is má finna skilgreiningar á þeim verkþáttum sem fyrirtækið tekur að sér. Aðspurður segir Bacha að verkferlið hjá þeim sé þannig að þeir komi á staðinn og meti verkið og geri síðan tilboð.

„Framkvæmdaþrif eru vinsæl þjónusta sem fólk er farið að nýta sér mikið. Öllum framkvæmdum fylgir mikið ryk og drasl. Þó að breitt sé yfir hluti er alltaf eitthvað sem þarf að þrífa eftir að verki lýkur,“ bendir Bacha á. „Veggir, loft, gluggar og gólf eru oft og tíðum þakin óhreinindum eftir framkvæmdir. Þá er tilvalið að fá okkur á staðinn og við gerum allt klárt í hólf og gólf.“ Eins og allir vita getur verið tímafrekt að standa í framkvæmdum. Algengt er orðið að fólk kjósi að nýta sér þessa þjónustu og spari með því tíma og peninga.

Bacha er sannfærandi þegar hann segir að „vel bónað gólf sendi frá sér jákvæð skilaboð til allra sem sjá“. *- vg*



„Framkvæmdaþrif eru vinsæl þjónusta,“ segir Bacha Terfasa hjá Hreingerningum ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Hringstigar
Weland hringstigarnir eru einföld og hagkvæm lausn.
SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði




Verkið er á grunnstigi og verið að slá upp grunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Átta þúsund fermetrar á átta hæðum

**HVAÐ ER VERIÐ AÐ BYGGJA?**

**Við Bíldshöfða er Byggingafélag Gylfa og Gunnars að byggja átta þúsund fermetra skrifstofuhúsnæði á átta hæðum.**

„Þetta eru átta hæðir og um átta þúsund fermetrar en verklok eru áætluð haustið 2009,“ segir Gylfi Ómar Guðjónsson hjá BYGG, Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars. „Þetta er framhald af öðru skrifstofuhúsnæði sem við byggðum þarna við hliðina. Það verður stór bílakjallari, mikið af stæðum inni á lóðinni og hver hæð um þúsund fermetrar.“

Húsnæðið hentar öllum fyrirtækjum og er ekki bundið ákveðinni starfsemi. Hæðirnar geta skipst niður í margar einingar. Útsýnið verður glæsilegt yfir Reykjavík og sundin blá.

Spurður hvort BYGG óttist ekki samdrátt í þjóðfélaginu svarar Gylfi því til að mikil eftirspurn hafi verið undanfarið og að húsið sem þeir byggðu við hliðina á því sem þeir eru að byggja núna, og er mjög keimlíkt nýja húsinu, sé allt farið á leigu. „Það getur orðið samdráttur um tíma, maður veit ekkert um það. Þetta hefur gengið í bylgjum. Það tekur tvö ár að byggja og maður veit ekkert hvernig tíminn verður eftir tvö ár,“ segir Gylfi.

BYGG var stofnað árið 1984 af Gylfa, sem er múrarameistari, og Gunnari Þorlákssyni húsasmíðameistara. Félagið hefur byggt um 2.000 íbúðir og tugþúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði og sérhæft sig í leigu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. *- nrg*



Glaðir iðnaðarmenn Byggingafélags Gylfa og Gunnars sem stefna á verklok haustið 2009.



Stór bílakjallari verður í húsinu.



Skrifstofuhúsnæðið verður átta þúsund fermetrar á átta hæðum. MYND/ONNO

Flotec
Water is Our Business

# DÆLUR FYRIR SUMARHÚS
# og aðra bústaði



... brunna- og borholudælur
... dælusett með þenslukeri
og stjórnbúnaði
... háþrýstar þvottadælur

... gæða vörur
á hægstæðum verðum!



| 4" BORHOLUDÆLA SCM 4 PLUS 75/52 | DRAIN 120 / 6 M. flotrofa | VIP 100 / 6 M. flotrofa | WATERPRESS INOX | W.P. SUPERINOX | MP50 Bensín |
|---|---|---|---|---|---|
| 950 W | 280 W | 270 W | 800 W | 1100 W | 2,6 HP - 47,7 cc. |
| 56 m / 5,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 46m. / 4,6 bar | 50 m. / 5 bar | 30 m / 3 bar |
| 4500 l / klst. | 7000 l / klst. | 6500 l / klst. | 3600 l / klst. | 4200 l / klst. | 16200 l / klst. |
| Stál AISI304 | Stál og plast | Polypropylene | Riðfrítt stál AISI304 | Riðfrítt stál AISI 304 | Bensín m. 4% olíu.íbl. |
| Rafmk. 15 m. | Min vatnsh. 2 cm. | Min vatnsh. 2 cm. | min 2 / max 3 bar | min 2 / max 3 bar | Þyngd 8 Kg. |
| Stjórnbox m. öryggi | Kornastærð 6 mm. | Kornastærð 6 mm. | Stál 24 litra | Stál AISI 304 24 l. | Slöngutengi 1" (25mm.) |
| Slöngutengi 1" | Slöngutengi 1" | Slöngutengi 1" | | | |



Smiðjuvegi 66
200 Kópavogi - S. 580 5800
LANDVÉLAR

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU



Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Kjarnagluggar
Ekkert viðhald
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Iðnaðarhurðir

Loading systems iðnaðarhurðir, eru fáanlegar fyrir allar stærðir vöruhúsa og bílskúra.

SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði

Tröppur og stigar



SALA ◄
► LEIGA
Iðnaðartröppur

BRIMRÁS
ÁLSMÍÐI
STÁLSMÍÐI
RAÐSMÍÐI
SÉRSMÍÐI
– íslensk framleiðsla

KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is



Einar Einarsson og Indriði Níelsson frá Steinsteypufélaginu með listavel steyptan vegg í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Steypuglaðir Íslendingar

**Steinsteypudagurinn verður haldinn í tuttugasta og annað sinn föstudaginn 22. febrúar á Grand Hóteli og hefst dagskráin kl. 8.30.**

Steinsteypudagurinn er heils dags ráðstefna sem Steinsteypufélag Íslands stendur fyrir en „dagurinn er orðinn nokkurs konar hátíðisdagur steinsteypu- og múriðnaðarins,“ segir Einar Einarsson, formaður félagsins og verkfræðingur hjá BM-Vallá. Þá hittast menn úr öllum stéttum í byggingariðnaðinum og ræða málin og horfurnar. „Í ár er dagurinn sérlega veglegur og dagskráin fjölbreytt,“ segir Indriði Níelsson, félagi í Steinsteypufélaginu og verkfræðingur hjá VST. „Dagskráin er þemaskipt, sem ætti að auðvelda fólki að sækja afmarkaða hluta dagsins þótt að sjálfsögðu sé mælt með að sitja allan daginn,“ nefnir Einar.

Bæði erlendir og innlendir fyrirlesarar munu halda erindi á ráðstefnunni föstudaginn 22. febrúar og fjalla um rannsóknir, hönnun, framkvæmdir og arkitektúr. Írsku arkitektarnir Shelley McNamara og Yvonne Farrel segja frá hönnun og byggingu Luigi Bocconi-háskólans í Mílanó. Arkitektarnir hafa fengið fjölda viðurkenninga í heimalandinu sínu og hefur vinningstillaga þeirra um Háskólann í Mílanó beint alþjóðlegri athygli að þeim og írskum arkitektúr. Þá mun Sven Thelandersson frá Háskólanum í Lundi tala um skýjakljúfa með sérstakri áherslu á steinsteypu sem byggingarefni. Fjallað verður um sjónsteypuveggi og hljóðeinangrun í sambýlishúsum svo fátt eitt sé nefnt af dagskránni.



Þjóðleikhúsið er dæmi um steinsteypt hús frá byrjun tuttugstu aldar.



Íslensk afbrygði af timburhúsagerð byggja ekki síst á miklu flúri, þetta má sjá til dæmis í því hvernig gluggakarmar hafa verið skreyttir. Hér má sjá slíkt við Fríkirkjuveg 11.

Steinsteypufélagið var stofnað árið 1971. Starfsemin hefur verið óslitin síðan en félagar eru um 300. „Fundir félagsins eru alltaf vel sóttir og yfirleitt eru mættir um 40 til 60 félagsmenn á hvern fund,“ segir Einar. Þegar þeir Einar og Indriði eru spurðir út í sérstöðu íslensku steinsteypunnar stendur ekki á svari. Tilgangur Steinsteypufélagins sé fyrst og fremst að vinna að framgangi steypu og sementsbundinna efna. Íslenska veðráttan hafi gert það að verkum að sérhannaðar lausnir við meðhöndlun steinsteypu hafi þróast hérlendis. „Við þurfum að stunda rannsóknir á okkar íslensku aðstæðum. En aðrar þjóðir eru með vandamál öðrum toga sem tengjast steinsteypu,“ bendir Einar á. Indriði tekur fram „að mjög erfitt geti verið að steypa í mjög miklum hita og þurrki og miklar hitasveiflur valdi skaða á öllum byggingarefnum“.

Um 1900 fóru Íslendingar að nota steinsteypu af miklum krafti. „Íslenskar aðstæður gerðu það að verkum að steinsteypan átti mjög upp á pallborðið hér, en eftir árið 1915 voru nánast öll hús steinsteypt,“ segir Einar. „Skógleysi Íslendinga er til dæmis ein skýringin á því hve steinsteypuglaðir Íslendingar eru,“ bendir Indriði á og bætir við „að skortur á öðrum efnum sem þoli veðurfarið átti stóran þátt í að steinsteypan varð að ráðandi byggingarefni Íslendinga.“

- vg

## Kaupsamningar vikunnar

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu 8. febrúar til og með 14. febrúar 2008 var 104. Þar af var 71 samningur um eignir í fjölbýli, 11 samningar um sérbýli og 22 samningar um annars konar eignir. Heildarveltan var 3.525 milljónir króna og meðalupphæð á samning 33,9 milljónir króna.

Á sama tíma var 11 kaupsamningum þinglýst á Akureyri. Heildarveltan var 268 milljónir króna og meðalupphæð á samning 24,4 milljónir króna.

Þá var 7 kaupsamningum þinglýst á Árborgarsvæðinu. Heildarveltan var 162 milljónir króna og meðalupphæð á samning 23,2 milljónir króna.



**• FRAMKVÆMDIR Í KROSSLANDI**

JB byggingarfélag hefur byggingu á tveimur fjölbýlishúsum í Krosslandi í Hvalfjarðarsveit nú á útmánuðum eftir því sem fram kemur á fréttavefnum www.skessuhorn.is. Annað er tólf íbúða hús og hitt 20 íbúða hús, bæði á tveimur hæðum. Nú þegar er eitt íbúðarhús risið í Krosslandi. Búið er að selja nokkrar einbýlishúsalóðir til viðbótar og því í höndum lóðareigenda hvenær framkvæmdir hefjast á þeim.

GLER · GLUGGAR · HURÐIR · SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU

565 0000



## STÆRRI OG STERKARI

Á dögunum keyptu eigendur PGV ehf. Glerborg ehf. og Gler og Spegla. Glerborg ehf. hefur verið starfandi í 37 ára og hefur verið leiðandi á íslenskum markaði í framleiðslu einangrunarglers. Á síðasta ári sameinaðist PGV ehf. við Glugga og Glerhöllinni á Akranesi en þar hefur verið framleitt gler í 61 ár og einnig PVC-u glugga síðustu 3 árin.

PGV ehf. hefur frá stofnun fyrirtækisins sérhæft sig í smíði á viðhaldsfríum gluggum, hurðum, sólstofum og svalalokunum úr PVC-u. Sameinuð fyrirtæki munu starfa undir merkinu Glerborg PGV. Við samrunann verður til einstakt og gríðarlega öflugt fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði með fjölbreyttar lausnir á öllu sem tengist gleri og gluggum.

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804

GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR




# Líflína í bruna og háska

**Flóttastiga má bera saman við björgunarbáta um borð í skipum.**

Ófáir hafa tekið eftir því að byggingum fer ekki einungis fjölgandi heldur verða byggingar á Íslandi sífellt hærri og hærri. Innflutningsfyrirtækið Sindri sinnir veigamiklu starfi í þessari þróun því auk þess sem það flytur inn ýmsar byggingavörur, vélar og tæki leggur það mikla áherslu á svokallaða flóttastiga. „Það má kannski segja þetta sambærilegt við björgunarbát um borð í skipi hvað öryggisatriði varðar, þetta er í raun líflína ef bruni eða líkur háski kemur upp í húsnæðinu,“ segir Guðmundur Jónsson, deildarstjóri hjá Sindra, er hann er spurður út í mikilvægi flóttastiga í margra hæða húsum. „Hringstigarnir eru vinsælastir, enda léttir, auðvelt að setja þá upp og meðfærilegir miðað við notagildi. Þeir falla yfirleitt best inn í arkitektúr nútímahúsa,“ bætir Guðmundur við.

Sindri flytur inn stiga frá Weland og er hægt að fá þá bæði með hægri og vinstri snúningi eftir því sem betur á við. Það þýðir að ef gengið er upp stigann þá er súlan á hægri hönd í hægrisnúningsstiga og öfugt.

„Það eru auðvitað reglugerðir um þetta eins og allt annað í byggingargeiranum og um að gera að kynna sér málin vel. Til að mynda eru hringstigarnir svokölluðu takmarkaðir við fjórar hæðir,“ segir Guðmundur spurður hvort ekki beri einhver ein tegund stiga af hvað þessi öryggismál varðar. „Það þarf að meta allt saman, fjöldi hæða, fjöldi fólks á hverri hæð og fleira spilar þar inn í og því engin ein aðferð sem við notum ef mæla þarf með gerð flóttastiga við viðskiptavini, við metum þarfirnar eftir hverjum og einum.“ Guðmundur bendir á að sem sérfræðingar mæli þeir ávallt með ákveðnum lausnum en ábyrgðin sé ávallt hjá aðalhönnuðum og byggingarnefnd hvers húss. „Ég vil reyndar að tryggingafélögin komi meira að þessum málum því þau meta hlutina út frá öryggisatriðum ef eitthvað þeim varðandi kemur upp á og flóttastigarnir eru eitt helsta


**Guðmundur Jónsson við brunastiga frá Sindra á húsi í Borgartúni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

öryggisatriðið í mörgum byggingum í dag.“

Auk hringstiganna hefur Sindri upp á fleiri tegundir stiga að bjóða. Pallastigarnir sem eru ekki takmarkaðir við neina hæð eru einn möguleikinn. „Þeir eru meira áberandi, sumir segja þá klunnalega utan á húsunum því þeir taka meira pláss en hringstigarnir og í mörgum tilfellum eru þeir verri kostur fyrir húsnæðið.“ Aðrir kostir eru einnig fáanlegir frá Sindra og nefnir Guðmundur bæði innistiga og svokallaða fellistiga. Samkvæmt Guðmundi eru fellistigarnir þannig hannaðir að þeir eru settir í stokk og líta út eins og rör á veggnum.





Stigar eru líflína utan á húsum ef háski kemur upp.

„Þegar tekið er í handfangið falla þrepin niður út frá björgunaropinu og opna björgunarleiðina.“ Fellistigarnir eru þó takmarkaðir við mannfjölda hvers húsnæðis og því ekki hentugir á mannmörgum vinnustað. Að mörgu er því að huga er til flóttastiga kemur en mikilvægast er sennilega að huga að því hvar hann er staðsettur og hvernig er auðveldast að komast að honum ef neyðarástand verður. - kik



Til eru nokkrar gerðir flóttastiga.


HÓTEL HVOLSVÖLLUR












**Sviðamessa**

dags. 23/02 2008

Forréttir

Aðalréttir

*Svið, reykt og ný; sviðasulta, sviðalappir og aðrir réttir.*

Eftirréttahlaðborð

*Kvöldið byrjar kl. 19:00 með fordrykk í Sögusetrinu*

*þar sem verður messað yfir fólki.*

*Kl. 20:00 byrjar borðhald með ýmsum skemmtiatriðum.*

Veislustjóri verður Árni Johnsen

*Eftir borðhald og skemmtiatriði er dansleikur.*

Verð án gistingar **kr. 3.900.-**

Verð með gistingu **kr. 8.400.-**

**Ýmis skemmtiatriði**

Björgvin Óskarsson gsm: 692 7464

Fimmtíu tveggja manna og fjögur einsmanns herbergi. Einnig eru tvö herbergi hönnuð með sérþarfir fatlaðra í huga. Öll herbergi eru innréttuð með baði, síma, sjónvarpi, hárþurku og þráðlausu netsambandi. 2 heitir pottar.

Ath: Öll verð miðast við gistingu í tveggja manna herbergi á mann.
Auka fyrir einsmanns herbergi kr. 3.500 .-

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 fax: 487 8058
hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is



Fami spa

*Leiðandi ítalskt fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á iðnaðar innréttingum*





**Fataskápur:**
**tilboðsverð 12.387 kr.**

**Ræstiskápur:**
**tilboðsverð 27.163 kr.**








**Hillukerfi: Hæð 2.2 m, breidd 2.7 m, dýpt 40 cm, tilboðsverð 25.425 kr.**

**Bílainnréttingar frá 23.708 kr.**

RÍ VERSLUN

**Hamarshöfða 1. Sími 511 1122**

**Skoðið FAMI bæklinga á www.ri-verslun.is**


De Dietrich
FULLKOMINN GLÆSILEIKI!
Lúxus í sérflokki
GLÆSILEG ESPRESSO KAFFIVÉL
INNBYGGÐ KVÖRN
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN
RAFEINDASTÝRING
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR
SPANSUÐU- OG
GLERHELLUBORÐ
Í ÚRVALI
EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM
MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNJURUM
ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA
P
VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

NOVOS
FASTEIGNAFÉLAG

Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík. Kíkið á heimasíðu okkar: www.novos.is eða hafið samband í síma 420 9515 milli kl. 9-14.

## Húsnæði óskast

Einstaklingur óska eftir herb. til leigu. Uppl. í s. 662 1036.

29 ára maður óskar eftir herb. á leigu . Er reglusamur og reyklaus. Uppl. í s. 895 6884.

## Geymsluhúsnæði

Þú geymir í gám við geymum gáminn



Geymsla í skemmri eða lengri tíma!

Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka

HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Bílskúr til leigu í vesturbæ. Hiti og rafmagn. S. 696 9520.

Til sölu 40 feta einangraður frystigámur í góðu standi. Góður sem geymsla eða vinnuskúr. Verð 200 þ. S. 896 9604. Sigurður.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hreingerning**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar, hreingerningar og bónvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

Faglagnir

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn. Góð verkefnastaða. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Viltu vinna vaktavinnu?**
**Viltu vinna með skóla ?**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða óskar eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

**Afgreiðslustarf**
**Íslenskur Ferðamarkaður ehf. leitar að starfskrafti í fullt starf og hlutastarf. Starfið felur í sér að selja ferðir innanlands og veita almennar upplýsingar um Ísland. Hæfniskröfur: Góð tölvukunnátta Gott vald á tungumálum (enska skilyrði) Góð þjónustulund. Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja reynslu af afgreiðslustörfum eða reynslu í ferðageiranum. Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2008. Umsóknir sendast í tölupósti á halldora@itm.is. Nánari upplýsingar veitir Halldóra í síma 510 5700, milli kl.08.00-16.00 alla virka daga.**

Rafís ehf.

**Rafvirkjar óskast**
Rafís ehf óskar eftir að ráða rafvirkja til almennrar rafvirkjavinnu og stjórnunarstarfa. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og stundvísum starfsmönnum. Upplýsingar í síma 824 0420 Sigsteinn og 892 2071, Einar.

AMERICAN STYLE

**American style**
**Bíldshöfða og Skipholti**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

Tapas barinn

Tapasbarinn óskar eftir helgarfólki til starfa í eldhús. Brennandi áhugi á matargerð algert skilyrði Upplýsingar á staðnum milli 12:00 og 18:00 alla daga.

BÆJAR BAKARÍ

**Helgarstarfsfólk óskast**
Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

**Gott starf í boði**
**Okkur vantar hressan einstakling á kaffihús okkar í Kringlunni og á Suðurlandsbraut. Staðan er laus núna.**
**Nánari upplýsingar gefur Hallveig í síma 664 7413.**

**Cafe Conditori Copenhagen**

**Gröfumenn ehf.**
Óskum eftir gröfumönnum og verkamönnum. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

**Rizzo Pizzeria.**
Ertu hress og dugleg/ur, hafðu þá samband við okkur. Mjög góður mórall og lifandi vinnustaður. Okkur vantar fólk til útkeyrslu og í afgreiðslu í fullt starf og kvöld og helgarvinnu. Nánari upplýs á Rizzo Pizzeria Grensásvegi 10

Er með til leigu aðstöðu fyrir nuddara, snyrtifræðinga og fleiri. Upplýsingar í síma 6976634

Óska eftir smiðum og iðnaðarmönum við járnabindingar og fl. Unnið er í Færeyjum nánari upplýsingar í síma 00298595232 Bjössi.

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

**Starfsfólk óskast**
Laus störf verkstjóra, smiðs, umsjónarkennara, skólaliða o.fl. WWW.HENDUR.IS

## Viðskiptatækifæri

**Veitingarekstur.**
Til sölu veitingar og gistiheimili í Reykjavík, með öllum tækjum og búnaði til rekstrar. Langtímaleiga. Uppl. í s. 898 1177 Baldvin.

## ATVINNA

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

Fjalakötturinn

Fjalakötturinn – Resturant
Aðalstræti 16
**óskar eftir að ráða þjónn sem vaktstjóra á vöktum.**
Unnið er eftir kokkavöktum

Umsækjendur senda umsóknina á
thorhallur@hotelcentrum.is
Umsóknafrestur er til 29. febrúar

JB Byggingafélag

**Smiðir**

JB Byggingafélag óskar eftir að ráða smiði í mótaflokk.
Góð laun og næg verkefni

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi,
öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.
Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Páll Róbert
í síma 693-7014
en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag

**Verkamenn.**

JB Byggingafélag óskar eftir að ráða
verkamenn til starfa í byggingavinnu.

Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi,
öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

Upplýsingar gefur Páll Róbert í síma 693-7014
Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

## SUMARHÚS / LÓÐIR



**Sumarhús til sölu í Skorradal.**
Húsið er 40 fermetrar að stærð, auk svefnlofts, byggt 1983. Húsið verður selt með innbúi, ásamt veröndinni, en án heitapottsins. Kaupandi þarf að sjá um að fjarlægja húsið af grunninum, í síðasta lagi 23. ágúst 2008. Stálbitar eru undir húsinu,þannig að það er tilbúið til flutnings. Tilboð óskast í húsið og skal þeim komið á skrifstofu Verkstjórafélags Reykjavikur, Skipholti 50d, eða senda undirritað í fax. 562-7050 fyrir 1. mai n.k.

# - ÚTBOÐ -
# VOPNAFJÖRÐUR
## LEIKSKÓLI

VOPNAFJARÐAR HREPPUR

Vopnafjarðarhreppur auglýsir eftir tilboðum í innréttingar, viðbyggingar við leikskólann Brekkubæ á Vopnafirði. Viðbyggingin er 298 m2.

Verkið felst í að ganga frá húsinu að innan með innréttingum, raflögnum, lýsingu, hita- og hreinlætislögnum.

Húsið er nú fullfrágengið að utan, einangrað með rakavörn og lagnagrindum að innan.
Verklok eru 12. júní 2008.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15 gegn 5.000,- króna skilatryggingu.

Tilboðum skal skilað á sama stað fyrir kl. 14.00 fimmtudaginn 28. febrúar nk. Þar sem þau verða opnuð.

*Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps*

## FASTEIGNIR

HÖFÐI
FASTEIGNASALA
**Suðurlandsbraut 20 ● Bæjarhrauni 22**
**Símar 533 6050 og 565 8000**

Frum

# Til sölu - til sölu!

Höfum fengið til sölu veitingastað í góðum rekstri á frábærum stað á höfuðborgarsvæðinu. Veislusalur, bar, matur, spilakassar, reykingaraðstaða. Einstakt tækifæri fyrir áhugasama. **Verð 70 millj.**

***Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason hjá Höfða***

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

## TIL LEIGU

# Þarftu að leigja?

Rentus
LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

# Til leigu

Frum

**Miðbær**

Ca. 375 fm jarðhæð að Hverfisgötu 105. Húsnæðinu má skipta og hægt er að bæta við innkeyrsludyrum. Húsnæðið hefur verið notað sem lagerhúsnæði og bón og þvottastöð. ***Leiguverð er kr. 350.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

**Smáralind**

Ca. 180 fm mjög gott skrifstofuhúsnæði að Bæjarlind 14-16. Opið skrifstofurými með tveimur sér skrifstofum, tölvutengingar, góð lýsing, glæsilegt útsýni, góð aðkoma og næg bílastæði. ***Leiguverð kr. 300.000 á mánuði upplýsingar í símum 849 9987 og 895 8299.***

**Höfði**

Ca. 130 fm með innkeyrslu hurð að Vagnhöfða 7. Góð bílastæði, gott húsnæði. ***Leiguverð er kr. 200.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

# TOYOTA HYBRID





# TÆKNIBYLTING

**KOMDU**
**í HAGKAUP**
Smáralind í dag
og þú gætir fengið
**GARMIN GPS**
tæki í kaupbæti

## *Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Hagkaup Smáralind.*

islandus.com kynnir ***Toyota Highlander*** og ***Toyota Camry*** með nýrri umhverfisvænni ***HYBRID*** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

**Toyota Highlander - 7,5 á hundraðið 280 hestöfl!**
**Toyota Camry - 5,8 á hundraðið 187 hestöfl!**



## TOYOTA Camry



**HYBRID** bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota **HYBRID** bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

# íslandus.com

**www.islandus.com - Sími 552 2000**



*„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur"*
*Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.184 **+1,33%**

**Fjöldi viðskipta:** 455
**Velta:** 5.154 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FL GROUP** | 3,23% |
| **EXISTA** | 2,61% |
| **SPRON** | 2,42% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL** | 1,57% |
| **EIK BANKI** | 0,23% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,97 +1,14% ... Bakkavör 46,00 +0,88% ... Eimskipafélagið 30,40 +0,83% ... Exista 12,58 +2,61% ... FL Group 10,24 +3,23% ... Glitnir 18,40 +1,94% ... Icelandair 26,45 +1,34% ... Kaupþing 755,00 +0,67% ... Landsbankinn 29,20 +1,57% ... Marel 94,30 -1,57% ... SPRON 5,92 +2,42% ... Straumur-Burðarás 12,60 +1,78% ... Teymi 5,30 +1,15% ... Össur 92,00 +0,66%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Askar töpuðu nærri milljarði króna

Tap Aska Capital á fjórða ársfjórðungi síðasta árs nemur 996 milljónum króna samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Tap ársins í heild nemur 861 milljón króna.

Gjaldfærsla Aska vegna fjárfestinga tengdum undirmálslánum nemur 2,1 milljarði króna á árinu og engar eignir eftir sem tengjast húsnæðislánum í Bandaríkjunum.

Eignir bankans í árslok 2007 námu 34,3 milljörðum króna, en voru 15 milljarðar í byrjun ársins. Þá kemur fram að eiginfjárhlutfall bankans (CAD) hafi verið 18,5 prósent.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska, segir miklu hafa verið áorkað á fyrsta starfsári bankans, en hann var stofnaður í desember 2006. Hann bendir á að þóknanatekjur bankans hafi numið 2,2 milljörðum króna og segir góðan árangur á fyrsta rekstrarári. Hann segir aðstæður á fjármálamörkuðum heims hafa breyst verulega á síðustu mánuðum og að fjárfestar horfi í auknum mæli til annars konar fjárfestinga en hefðbundinna fjárfestinga í hlutabréfum og skuldabréfum. Stefna Askar Capital segir hann falla vel að þessum umskiptum. **- óká**



**Í ÁRSLOK 2006** Stofnun Aska Capital var kynnt í desember 2006. Starfsemi bankans skiptist í sex tekjusvið; áhættu- og fjármögnunarráðgjöf, eignastýringu, fasteignaráðgjöf, eigin viðskipti, lánasvið og bílalánafyrirtækið Avant.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Búist við breytingum hjá Glitni

Ný stjórn Glitnis undir forystu Þorsteins Más Baldurssonar, verðandi stjórnarformanns, mun samkvæmt heimildum Markaðarins einbeita sér að því að skera niður rekstrarkostnað. Þorsteinn Már er þekkur fyrir að beita sér fyrir aðhaldi í rekstri. Aðalfundur Glitnis verður haldinn næsta miðvikudag.

Þá herma heimildir Markaðarins að breytingar verði gerðar á yfirstjórn bankans og hún styrkt að einhverju leyti. Orðrómur hefur verið um að nýr maður setjist í stól Lárusar Welding forstjóra, en hann hefur ekki fengist staðfestur. **- óká/ss**

## Yfir hundrað störf í uppnámi

„Við erum að skoða mögulega lokun, en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin,“ segir Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Bakkavarar. Fyrirtækið íhugar að loka pastaverksmiðju í Scunthorpe á Englandi þar sem starfa rúmlega hundrað manns.

Ásdís segir að hráefnisverð hafi hækkað mikið, einkum verð á hveiti og eggjum. Þá hafi orðið samdráttur í sölu, verksmiðjan sé rekin með tapi. Hún segir að fyrirtækið eigi nú í viðræðum við stjórnendur og starfsmenn um framhaldið. Ákvörðun um hvort lokað verði í Scunthorpe á að liggja fyrir innan þriggja mánaða. Verksmiðjan fylgdi með kaupum Bakkavarar á matvælafyrirtækinu Geest árið 2005. **- ikh**


# Aðalfundur SPRON hf.

**Aðalfundur SPRON hf. verður haldinn í Borgarleikhúsinu við Listabraut í Reykjavík miðvikudaginn 27. febrúar 2008 kl. 17.00.**

***Dagskrá:***

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2007
2. Lagður fram til staðfestingar endurskoðaður ársreikningur félagsins árið 2007
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á árinu 2007
4. Tillaga til breytinga á samþykktum félagsins[1)]
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar fyrir næsta kjörtímabil
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum fyrir hönd félagsins
10. Önnur mál

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað í fundarbyrjun.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út föstudaginn 22. febrúar 2008 kl. 17.00. Framboðum skal skila skriflega til forstjóra.[2)]

Dagskrá fundarins ásamt tillögum liggja frammi til sýnis í Ármúla 13a í Reykjavík og eins má nálgast þær á heimasíðu SPRON, www.spron.is.

Stjórn SPRON hf.

Reykjavík, 19. febrúar 2007

1) Gerð tillaga um að aðalfundur samþykki orðalagsbreytingu á 13. gr. samþykkta félagsins þess efnis að 5% takmörkun atkvæðisréttar taki bæði til beinna og óbeinna yfirráða atkvæðisréttar.
2) Skv. 2. mgr. 63. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, skal í tilkynningu um framboð til stjórnar gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

spron

ARGUS / 08-0090





**LEIKARINN BENICIO DEL TORO FRÁ PÚERTÓ RÍKÓ ER 41 ÁRS Í DAG.**

*„Ég er ekki Jack Nicholson og ekki Brando. En ég muldra.“*

***Del Toro hefur bæði unnið til Óskars- og Golden Globe-verðlauna. Hann er best þekktur fyrir hlutverk sín í myndunum The Usual Suspects, Traffic og Sin City.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. FEBRÚAR 2004

## Wiesenthal sæmdur riddarakrossi

Þennan dag árið 2004 var Simon Wiesenthal sæmdur riddarakrossi bresku krúnunnar fyrir ævilangt starf í þágu mannkyns.

Wiesenthal, sem var byggingaverkfræðingur að mennt, var austurrískur gyðingur. Hann var í fjögur ár í útrýmingarbúðum nasista en lifði helförina af. Eftir vistina vóg Wiesenthal, sem var 180 sentimetrar að hæð, einungis 40 kíló. Þegar hann hafði náð heilsu helgaði hann líf sitt því að safna upplýsingum um nasistaforingja og leita þá uppi svo hægt væri að sækja þá til saka fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu.

Simon Wiesenthal-stofnunin var nefnd eftir honum en hún stendur vörð um réttindi gyðinga og hefur haft uppi á nokkrum nasistaforingjum frá því að hún var stofnuð árið 1977.

Á áttunda áratugnum blandaði hann sér í austurísk stjórnmál. Hann hélt því fram að allnokkrir ráðherrar í ríkisstjórn Brunos Kreisky hefðu verið nasistar. Wiesenthal fékk margar morðhótanir um ævina. Hann lést í svefni árið 2005.



SIMON WIESENTHAL

## MERKISATBURÐIR

- **1600** Perúska eldfjallið Huaynaputina springur, svo úr verður mesta eldgos í sögu Suður-Ameríku.
- **1878** Thomas Edison fær einkaleyfi á grammófóninum.
- **1881** Kansas verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að leyfa sölu alkóhóls.
- **1976** Ísland slítur stjórnmálasambandi við Bretland vegna deilunnar um fiskveiðilögsögu Íslands. Samband komst aftur á eftir rúma þrjá mánuði.
- **1992** Kvikmyndin Börn náttúrunnar er tilnefnd til Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda kvikmyndin. Hún hlaut þó ekki verðlaunin.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Snorri Þór Rögnvaldsson**

húsgagnasmíðameistari,
Goðabyggð 12, Akureyri,

andaðist á FSA miðvikudaginn 13. febrúar.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.30.

**Margrét Hrefna Ögmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ögmundur Snorrason** | **Deslijati Zjarif** |
| **Oddný Stella Snorradóttir** | **Níels Einarsson** |
| **Rögnvaldur Örn Snorrason** | **Kristjana Jóhannsdóttir** |
| **Ingibjörg Halla Snorradóttir** | **Hreinn F. Arndal** |
| **Kolfinna Hrönn Snorradóttir** | **Raymond Sweeney** |
| **Hanna Margrét Snorradóttir** | **Thomas Tue Jensen** |

**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Geir Gíslason fv. flugmaður**

Strandgötu 73b, Hafnarfirði,

lést 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

| | |
|---|---|
| **Erna Þorsteinsdóttir** | |
| **Anna Geirsdóttir** | **Vilhjálmur Bjarnason** |
| **Geir Harrýsson** | |
| **Erna Rut Vilhjálmsdóttir** | |
| **Gísli Vilhjálmsson.** | |



*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur vináttu og samhug við fráfall og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Helga Sigurðssonar**

frá Vestmannaeyjum, Dvalarheimilinu
Skálarhlíð á Siglufirði,

sérstakar þakkir til starfsfólks Skálarhlíðar og Sjúkrahúss Siglufjarðar.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna Helgadóttir** | **Guðmundur Magnússon** |
| **Elínborg Helgadóttir** | **Guðmundur Þór Kristjánsson** |
| **Símon Helgason** | **Helen Meyers** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



Alyson er gestaprófessor við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands. Hún kynntist Íslendingasögunum sem barn og var heilluð af landinu frá fyrstu kynnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ALYSON BAILES: SÆMD STÓRRIDDARAKROSSI

# Alltaf haft dálæti á Íslandi

Alyson Judith Kirtley Bailes, sendiherra og gestaprófessor við Háskóla Íslands, var í síðustu viku sæmd Stórriddarakrossi hinnar konunglegu sænsku Norðurstjörnuorðu. Alyson er heimsþekktur fræðimaður á sviði öryggis- og varnarmála. Hún var forstöðumaður Stockholm International Peace Research Institute, SIPRI, á árunum 2002-2007 en stofnunin er leiðandi á sviði rannsókna um stríð og frið í heiminum. Norðurstjörnuorðan er eingöngu ætluð erlendum ríkisborgurum og hefur fáum konum hlotnast þessi heiður.

Alyson er fædd og uppalin í Bretlandi. Hún starfaði lengst af hjá bresku utanríkisþjónustunni og tók að sér mörg alþjóðleg verkefni. Árið 2000 var hún sendiherra Bretlands í Finnlandi en var síðan ráðin forstöðumaður SIPRI. „Þar var ég í forsvari fyrir 55 alþjóðlega starfsmenn og gaf meðal annars út hina virtu SIPRI árbók á hverju sumri en í henni er farið yfir tölfræði og þróun varnarmála á árinu,“ segir Alyson. Hún hefur skrifað fjölda fræðigreina um öryggis- og varnarmál í Evrópu og ferðast heimshorna á milli til að halda fyrirlestra.

Sem forstöðumaður SIPRI lagði hún ríka áherslu á að mynda góð tengsl við hinar ýmsu rannsóknarstofnanir innanlands sem utan. Hún vakti athygli á allri þeirri fjölbreyttu útgáfu sem stofnunin stendur fyrir og myndaði góð tengsl við sænska þingið og ríkisstjórnina. Þetta gerði henni kleift að auka hróður stofnunarinnar jafnt á innlendri sem erlendri grund.

„Ég tel að velgengnina megi ekki síst rekja til þess að ég hafði kynnst Svíþjóð á mínum yngri árum og átti því auðvelt með að tjá mig og eiga samskipti á sænsku,“ útskýrir Alyson. Hún segist ekki einungis líta á viðurkenninguna sem heiður fyrir sig heldur fyrir stofnunina í heild. „Heiðurinn skiptir mig þó líka máli persónulega því Svíþjóð hefur verið mér mikils virði í gegnum árin og haft mótandi áhrif á líf mitt og starf.“

Eftir fimm ára krefjandi starf hjá SIPRI segist Alyson hafa ákveðið að gera sér eitthvað til skemmtunar. „Mig hafði alltaf dreymt um að búa á Íslandi. Faðir minn sagði mér Íslendingasögurnar þegar ég var lítil og það kveikti áhuga minn. Ég kom fyrst til landsins árið 1982 og var svo heilluð að ég kom til baka á hverju ári.“ Alyson segir að það hafi því verið henni eiginlegt að finna leið til að geta starfað hér á landi.

„Í tengslum við mín fyrri störf hef ég verið svo heppin að fá tækifæri til að byggja upp samvinnu við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands. Mér var í fyrstu boðið að koma hingað sem gestafyrirlesari en var svo boðin gestaprófessorsstaða við stjórnmálafræðiskor skólans í tvö ár.“ Alyson flutti til landsins í sumar og keypti sér íbúð á Sjálandi þar sem hún unir sér mjög vel. „Ég hef eignast marga góða vini og er síðan að syngja með Regnbogakonum sem er alþjóðlegur kór í Reykjavík. Ég kenni þrjú námskeið þetta ár sem öll tengjast nýjum áherslum í varnarmálum að einhverju leyti. Ég hef auk þess verið að byggja upp tengsl milli SIPRI og Íslands og hafa þó nokkrir sérfræðingar stofnunarinnar sótt landið heim.“

vera@frettabladid.is



*Föðurbróðir okkar,*

**Sigurgeir Guðfinnsson**

fyrrverandi vélstjóri
frá Keflavík,

lést laugardaginn 2. febrúar sl. á Hrafnistu, Hafnarfirði.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðfinna Sigurþórsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Guðný M. Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Sigurþórsdóttir**
**Þorgerður J. Guðmundsdóttir**



*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Guðrún Elvan Friðriksdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 14. febrúar. sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

| | |
|---|---|
| **Arnar Haukur Ómarsson** | **Katrín Inga Hólmsteinsdóttir** |
| **Fjóla Sigurbjörg Ómarsdóttir** | **Pétur Sigurðsson** |
| **Þröstur Ránar Þorsteinsson** | |
| **Halldór Nordquist Grímsson** | |

**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína Hannesdóttir**

Skálagerði 15, Reykjavík,

áður til heimilis að Kolbeinsgötu 6, Vopnafirði,
lést á Vífilsstöðum þann 14. febrúar síðastliðinn.

| | |
|---|---|
| **Hólmfríður Kjartansdóttir** | **Sigurður Adolfsson** |
| **Inga Hanna Kjartansdóttir** | |
| **Kjartan Þórir Kjartansson** | **Áshildur Kristjánsdóttir** |
| **Baldur Kjartansson** | **Hrönn Róbertsdóttir** |
| **Erla Kjartansdóttir** | **Ágúst Borgþór Sverrisson** |

**börn og barnabörn.**



**DJASSGEGGJARI** Jón Páll Bjarnason er einn þekktasti djassgítarleikari fyrr og síðar.

# Tónleikar vegna afmælis Múlans

Jazzklúbburinn Múlinn heldur áfram starfsemi sinni með nýrri fimmtán tónleika dagskrá. Fyrstu tónleikar vortónleikaraðar verða fimmtudaginn 21. febrúar á DOMO Bar, Þingholtsstræti 5.

Fyrstu tónleikar á vorönn eru til heiðurs djassgítaristanum Jóni Páli Bjarnasyni sem varð 70 ára gamall á dögunum. Á tónleikunum munu margir af helstu djassleikurum þjóðarinnar leika með Jóni sem er einn þekktasti djassgítarleikari Íslands fyrr og síðar að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá klúbbnum.

Jazzklúbburinn Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍH og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta djassgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Árnasyni, sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Múlinn er styrktur glæsilega af Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóðnum að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Afmælistónleikar til heiðurs Jóni Páli hefjast 21.00 á fimmtudaginn næstkomandi á DOMO og er þúsund króna aðgangangseyrir.



**FRÖNSK ÍSLENSK DOKTORSGRÁÐA** Franski doktorsneminn Mathieu Fauvel fær fyrstu sameiginlega doktorsgráðuna.

# Sameiginleg doktorsgráða

Háskóli Íslands veitir í dag í fyrsta sinn sameiginlega doktorsgráðu með erlendum háskóla.

Mathieu Fauvel verður heiðursins aðnjótandi en hann varði doktorsverkefnið í verkfræði við Grenoble Institute of Technology, INPG, hinn 28. nóvember. Verkefnið var unnið undir sameiginlegri handleiðslu leiðbeinenda frá INPG og Háskóla Íslands. Fauvel flytur doktorsfyrirlestur sinn í Háskóla Íslands í dag kl. 15, í Aðalbyggingu HÍ, hátíðarsal. Að loknum fyrirlestrinum mun Ebba Þóra Hvannberg, forseti verkfræðideildar, veita Fauvel doktorsskírteini frá verkfræðideild Háskóla Íslands

Doktorsverkefnið ber titilinn „Spectral and Spatial Methods for Classification of Urban Remote Sensing Data“ og fjallar um þróun aðferða til greiningar yfirborðs jarðar með flokkun fjarkönnunarmynda frá þéttbýlissvæðum.

Verkefnið var meðal annnars stutt af Jules Verne-áætlun íslenskra og franskra stjórnvalda, PAI EGIDE, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs.

**FEBRÚARTILBOÐ**

á legsteinum og fylgihlutum

**10-50%** afsláttur



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

**NAFNIÐ MITT: FRIÐRIK ÓMAR**

# *Heitir eftir tveimur fyrirmyndum föður síns*

Friðrik Ómar söngvari segir að á bak við nafnið sem hann beri sé skemmtileg saga. „Faðir minn var mikill skákmaður og skemmti mikið á árshátíðum í sveitinni í gamla daga. Hann hefur því alltaf átt tvær fyrirmyndir, þá Friðrik Ólafsson skákmeistara og Ómar Ragnarsson skemmtikraft og ég er skírður í höfuðið á þessum tveimur mönnum“ segir Friðrik.

Í hvert skipti sem Friðrik hittir Ómar Ragnarsson segir hann að Ómar kalli hann nafna og Friðrik telur sjálfan sig góðan skemmtikraft og ekki verri skákmann. Friðrik er afar sáttur við nafn sitt og gæti ekki hugsað sér að bera annað nafn.

Friðrik segist eitt sinn hafa kynnt sér hvað nafn sitt þýddi. „Friðrik þýðir friðarhöfðingi eða konungur og það passar mjög vel við mig því ég vill alltaf halda friðinn. Svo leyfi ég mér að vera konungur í hjáverkum,“ segir Friðrik að lokum og hlær.



**FRIÐRIK ÓMAR** Er ánægður með nafnið sitt.

---



*Ástkær bróðir okkar,*

**Benedikt Jónasson**
Munkaþverárstræti 44, Akureyri,

er látinn.
Útför auglýst síðar.

**Jóna S. Jónasdóttir**
**Jónas Jónasson**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steingrímur Helgason**
stórkaupmaður,

lést á dvalarheimilinu Eir að morgni 17. febrúar. Verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð FAAS (alzheimer.is)

**Unnur Heba Steingrímsdóttir** **Nikulás Róbertsson**
**Helga Guðrún Steingrímsdóttir** **Eiríkur Hauksson**
**Jón Hólmgeir Steingrímsson** **Soffía Hilmarsdóttir**
**Ingunn Steingrímsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, frændi og vinur,*

**Finnur Freyr Guðbjörnsson**
Kirkjuvegi 5, Keflavík,

lést á sjúkrahúsi í Taílandi þann 7. febrúar síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Ytri-Njarðvíkurkirkju miðvikudaginn 20. febrúar klukkan 14.00.

**Guðbjörn Ragnarsson** **Stefanía Finnsdóttir**
**Kam Senglee**
**Sigurður Hólm Guðbjörnsson** **Kristjana Eyvindsdóttir**
**Guðmundur Kristján Guðbjörnsson** **Sigurlaug Finnsdóttir**
**Guðbjörn Þór Sigurðsson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Bjarni Ágústsson**
**Tinna María Sigurðardóttir** **Rúnar Þór Ólason**
**Davíð Freyr Guðmundsson** **Þórdís Jakobsdóttir**
**Stefán Berg Guðmundsson** **Eva Helgadóttir**
**Þórunn Þorbjörg Guðmundsdóttir**
**og aðrir ættingjar og vinir.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Halldórsdóttir**
Dalalandi 1, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, föstudaginn 15. febrúar sl.

**Laufey Vilhjálmsdóttir** **Samir Bustany**
**Halldór Vilhjálmsson** **Bryndís Helgadóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir** **Þórarinn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Okkar ástkæra*

**Nikolína Helgadóttir**
frá Suður-Vík

lést á heimili sínu að Kumbaravogi miðvikudaginn 13. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

**Matthildur Valfells**
**Sigríður Ásgeirsdóttir**
**Vigfús Ásgeirsson.**

---



*Okkar ástkæri*

**Jón Hilmar Jónsson**
líffræðingur frá Úthlíð,
Sléttuvegi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 16. febrúar sl.

**Gísli Sigurðsson** **Jóhanna Bjarnadóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Björn Sigurðsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Guðmundur Arason**
**Kristín Sigurðsson** **Werner Rasmusson**
**Baldur Sigurðsson** **Kristbjörg Steingrímsdóttir**
**Guðný Guðnadóttir.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Guðmundsson**
hárskerameistari, Funalind 13, Kópavogi, áður til heimilis í Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

**Rósa Helgadóttir**
**Helga Harðardóttir**
**Halla Harðardóttir**
**Þóra Harðardóttir** **Sigurgeir Þorleifsson**
**Inga Sigríður Harðardóttir** **Gunnar Guðjónsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Bjarnason**

andaðist á Hrafnistu laugardaginn 9. febrúar síðastliðinn. Bálför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á Grensás og Hrafnistu fyrir hlýhug og einstaka umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristlaug Vilfríður Jónsdóttir**
**og fjölskylda.**






## STUÐ MILLI STRÍÐA Hinn nýi guðdómur

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SÉR NÝJA FRELSARA



Íþróttir eru ekki nýtilkomið sófaáhugamál nútímamannsins. Íþróttir hafa frá örófi alda skipað veglegan sess í lífi mannsins. Þannig fannst hinum fjöllyndu Grikkjum fátt jafn skemmtilegt og að horfa á vel þjálfaða íþróttamennina takast, kviknakta, á í glímu á svokölluðum Ólympíuleikum. Íþróttamennirnir hjá Rómverjum fengu að vera í fötum en voru hins vegar þrælar í ánauð og neyddir til að berjast með sverð og skjöld gegn þrautþjálfuðum hermönnum heimsveldisins eða rándýrum af stærstu sort.

Líkt og hjá Grikkjum og Rómverjum, þessum mestu heimsveldum sögunnar, eru íþróttirnar enn þann dag í dag afþreying fyrir fjöldann. Knattspyrnu-, kappakstursog körfuboltahetjurnar, auk kylfinga, eru skylmingaþrælar nútímans, þjálfaðir til þess að skemmta okkur, hinum einfalda múg.

Og með minni tiltrú almennings á æðri máttarvöldum sem einhvers konar skapara eða frelsara hafa íþróttahetjurnar tekið við endurkomuhlutverki Messíasar. Þeir eru tilbeðnir eins og guðir og allt sem þeir gera er nánast fullkomið. Fólk fer ekki í kirkjur heldur á íþróttaleikvanga og hugleiðir leikjastragetíu en ekki Guðs orð. Og presturinn heitir hvorki séra né faðir heldur Ferguson, Wenger og skrattakollurinn hann Benitez. Píslarvottarnir eru ekki dýrlingar heldur Busby Babes sem létust fyrir málstaðinn í München. Eða síðan hvenær hefur minningarathöfn um lærisveinana þrettán verið jafn tilkomumikil og sú sem var haldin til minningar um flugslysið á Old Trafford nýverið?

Fyrir þá sem telja nóg komið af íþróttum, nóg komið af þessu hrópum og köllum út af erlendum liðum í fjarrikikistan skal hinum sömu bent á að Jesú var ekki Íslendingur, hann kom frá Ísrael, hefði að öllum líkindum leikið með Napoli og verið dýrkaður eins og Maradona, ef hann hefði verið meðal oss í dag.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Suðræn stemning í Hlégarði

Það verður glatt á hjalla í Hlégarði í Mosfellsbæ næstkomandi föstudagskvöld en þá kemur þar fram Latínsveit Tómasar R. og leikur suðræna og hressandi tónlist. Það er hið framtakssama Tónlistarfélag Mosfellsbæjar sem stendur fyrir tónleikunum.

Latínsveit Tómasar R. hefur starfað síðan 2002, en þá kom út Kúbanska, fyrsti geisladiskur Tómasar með frumsamdri latíntónlist. Diskurinn fékk tvær tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna og afar lofsamlega dóma í hérlendum jafnt sem erlendum fjölmiðlum. Árið 2003 hélt Tómas til Havana og hljóðritaði nýtt efni með kúbönskum tónlistarmönnum. Útkoman úr því ævintýri var svo geisladiskurinn Havana sem hlaut hvarvetna góðar móttökur.

Latínsveit Tómasar R. hefur spilað vítt og breitt um landið á síðustu árum auk þess að hafa leikið á djasshátíðum og klúbbum í Færeyjum, Noregi, Þýskalandi og Spáni og árið 2006 lék hún bæði á helsta djassklúbbi Moskvuborgar, Le Club, og í því sögufræga húsi Casa de la Amistad í Havana.

Latínsveit Tómasar R. er skipað sjálfum Tómasi R. á kontrabassa, Óskari Guðjónssyni á saxófón, Kjartani Hákonarsyni á trompet, Samúel J. Samúelssyni á básúnu, Ómari Guðjónssyni á gítar, Matthíasi M. D. Hemstock á trommur og slagverk og Eyþóri Gunnarssyni á kóngatrommur.



**TÓMAS R. EINARSSON** Kemur fram ásamt Latínsveit sinni í Mosfellsbæ á föstudag.

Hlégarður verður opnaður kl. 20 á föstudagskvöld og tónleikarnir hefjast kl. 21. Forsala aðgöngumiða á þessa spennandi tónleika fer fram í Bókasafni Mosfellsbæjar, Kjarna, virka daga frá kl. 12 til 19. Miðinn kostar 2.000 kr., en eldri borgarar, nemar og öryrkjar fá miðann á 1.500 kr. **- vþ**

# Ljóshærð stúlka Formans

Kvikmyndasafn Íslands stendur fyrir sýningu á tékknesku kvikmyndinni Ástir ljóshærðrar stúlku í leikstjórn Milos Forman í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld kl. 20.

Kvikmyndin, sem er frá árinu 1965, fjallar um táningsstúlkuna Andulu sem vinnur í skóverksmiðju í tékkneskum smábæ þar sem meirihluti íbúanna er konur. Stjórnvöldin reyna að lagfæra kynjahlutfallið með því að koma flokki hermanna fyrir í bænum, en stúlkum bæjarins bregður í brún þegar hermennirnir reynast vera miðaldra karlmenn sem stefnt er til móts við þær á grátbroslegum dansleik. Andulu líst margfalt betur á píanóleikarann frá Prag í danshljómsveitinni, sem tælir hana upp á herbergi eftir ballið. Hann býður henni að heimsækja sig í Prag en þegar hún bankar upp á hjá foreldrum hans vita þau ekki hvaðan á þau stendur veðrið.

Myndin hlaut geysigóðar viðtökur á sínum tíma, bæði í heimalandinu og erlendis. Í henni koma fram bæði atvinnu- og áhugaleikarar og fékk enginn þeirra handrit í hendur heldur einungis lýsingu leikstjórans á aðstæðum og því sem segja átti. Útkoman er óborganleg. Myndin er sýnd á filmu og er með dönskum texta. **- vþ**



**MILOS FORMAN** Mynd hans um ljóshærða stúlku verður sýnd í Bæjarbíói í kvöld.

# Fjallað um íslenska dýrlinga

Þjóðminjasafnið heldur áfram með stórskemmtilegar sérfræðileiðsagnir sínar í dag kl. 12.05. Þá mun Árni Björnsson þjóðháttafræðingur leiða gesti um grunnsýningu safnsins og fjalla sérstaklega um myndir af íslenskum dýrlingum sem finna má á meðal gripa.

Árni veltir fyrir sér ýmsum spurningum um dýrlinga, svo sem hvernig þeir voru valdir, hvort samkeppni hafi verið milli þeirra innbyrðis og hvaða hlutverki þeir gegndu. Þá er einnig umhugsunarefni hvers vegna íslensku dýrlingarnir voru ekki viðurkenndir af páfanum. Jafnframt mun Árni í leiðsögn sinni fjalla um jarteinasögur og hlutverk þeirra.

Trú á dýrlinga skipaði frá upphafi kristni í landinu mikilvægan sess í trúarlífi Íslendinga. Í Kristinna laga þætti segir meðal annars að menn skuli trúa á Guð einan og „á helga menn til árnaðarorðs sér og blóta eigi heiðnar vættir". Fólk mátti trúa á og tilbiðja Guð en ákalla dýrlinga. Ef til vill hafa þeir að einhverju leyti tekið við hlutverki goðmagna og vætta. Dýrlingarnir nutu mikilla vinsælda meðal almennings og með tímanum eignuðust Íslendingar líka sína eigin dýrlinga, Jón Ögmundsson, Þorlák helga og Guðmund góða.

Sérfræðileiðsagnir Þjóðminjasafnsins eru haldnar annan hvorn þriðjudag í hádeginu. Sérfræðingar bæði innan safns og utan taka þá fyrir afmarkaða hluta grunnsýningarinnar og sérsýninga í samræmi við sérfræðiþekkingu sína. Leiðsagnirnar eru ætlaðar almenningi og ættu allir að hafa gaman af. Aðgangur að leiðsögninni er ókeypis og öllum opinn. **- vþ**



**REFILSAUMAÐ ALTARISKLÆÐI** Ein birtingarmynd íslenskra dýrlinga.


Ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja

Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007

Það er Síminn

Ný norræn matargerðarlist í Norræna húsinu

17. – 24. febrúar 2008.

Glæsileg dagskrá alla vikuna.

Norrænt hlaðborð í hádeginu og á kvöldin.

Dagskrá þriðjudag 19. febrúar:

11.00 **Claus Meyer** er einn þekktasti kokkur og matarfrumkvöðull Dana. Hann stofnaði og rekur meðal annars veitngashúsið NOMA í Kaupmannahöfn, sem er talið vera eitt af fimmtán bestu veitingastöðum í heiminum í dag. Claus Meyer verður í dag með dagskrá og vinnustofu fyrir börn um bragðskyn og matarupplifun. Honum til aðstoðar er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.

13.15 Fyrirlestur: Stefnumótun hönnuða og bænda. Flytjendur eru Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuðir / Listaháskóli Íslands.

15.00 Hið nýja norræna eldhús – næst stærsta eldhús í heiminum! Kynnir er danski meistarakokkurinn **Claus Meyer**.

16.00 Heimur vínsins. Fyrirlestur og vínsmökkun. Sérfræðingar frá ÁTVR sjá um kynninguna. Aðgangseyrir 1000 kr. Aldurstakmark er 20 ár. Takmarkaður fjöldi miða.

**Stór matvælakynning** 21. - 24. feb. frá kl. 12.00 (21. feb. er aðeins fyrir fagfólk). Samtals 40 framleiðendur frá Danmörku, Íslandi, Svíþjóð og Noregi. Frá Íslandi kynna Matarkistan og Matarbúrið framleiðslu sína.

Aðgangseyrir. Takmarkaður fjöldi miða. www.midi.is

Nánari upplýsingar og bókanir ásamt allri dagskránni á www.nordice.is

Fjalakötturinn

Veitingastaður í gömlu Reykjavík

Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi matseðill

Fjórréttaður, í boði 14–24 feb.

kr. 5.800.-




Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Engin sorgleg sambandsslit

Það er Síminn

Besta þjónusta farsímafyrirtækja
Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2007
Það er Síminn

# fólk

folk@frettabladid.is



*„Þátturinn verður mjög opinskár. Ég vil að fólk sjái hvernig ég er í alvöru og dæmi svo fyrir sjálft sig. Og ef það hatar mig ennþá eftir það er það þess eigið val.“*

**DENISE RICAHRDS** UM VÆNTANLEGAN RAUNVERULEIKAÞÁTT SINN.



*„Ég er hrifin af bómullarnærbuxum. Ég þarf ekki blettatígursmunstrað leður til að finnast ég kynþokkafull.“*

**NELLY FURTADO** FINNST BÓMULL BETRI.



*„Það er svo mikið af fólki í heiminum sem gerir grín að mér að ef ég gæti ekki gert grín að sjálfri mér væri eitthvað mikið að.“*

**VICTORIA BECKHAM** HEFUR SKOPSKYN.

# Gaz-man af tónlistarættum

**Bakvarðasveitinni í Merzedes Club sárnar að vera legið á hálsi að geta ekki sungið bakraddir og barið bumbur í senn. Ekki síst í ljósi þess að ái eins þeirra samdi Öxar við ána.**

„Þetta er bölvað kjaftæði, manni sárnar að heyra þetta. Við erum alveg stórgóðir söngvarar,“ segir sjálfur Gaz-man í Merzedes Club.

Mikil spenna er meðal þátttakenda í Eurovision söngvakeppninni. Þannig heyrist að buffin í Mercedes Club, sem flytja lag Barða Jóhannssonar „Hó hó hó, we say hey hey hey“ eigi í stökustu vandræðum með slá taktinn og syngja „hó!“ og „hey!“ um leið. Því hafi þurft að beygja reglurnar og skaffa aukabakraddir úr röðum húsbands Ríkissjónvarpsins – en þegar út er komið mega aðeins sex flytja lagið. Fylgir sögunni að söngþjálfari þeirra, Hildur Guðný, kennari hjá í FÍH, sé að verða gráhærð. En þetta er einhver mesta vitleysa sem Gaz-man hefur heyrt. „Ég hef ekki klikkað á nótu frá því ég mætti í minn fyrsta söngtíma. Og þeir eru að standa sig vel, Egill og Hanzi. Við gætum alveg tekið þetta þrír.“

Og til marks um ótvíræða tónlistarhæfileika Gaz-mans má nefna að hann er kominn af miklum tónlistarættum. Langafi hans hét Helgi Helgason tónskáld og samdi hann meðal annars Öxar við ána. Takk fyrir það. Móðir hans Auður Jacobsen fékk inni í Söngskóla Reykjavíkur óvenjulega ung en hún þreytti inntökupróf hjá Garðari Cortes og Guðmundi Jónssyni.

„Svo unnu Ingi Gunnar og Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmenn hjá afa Gaz-Man, Úlfari Jacobsen, og ég var alltaf sem polli með í för. Og söng með þeim alla rútubílaslagara frá a til ö. Já, það voru skemmtilegir tímar,“ segir Gaz-man sem telur sig sannarlega ekki eiga það skilið að vera bendlaður við að halda hvorki lagi né takti.



**GAZ-MAN KAMPAKÁTUR** Bölvað kjaftæði að hann geti ekki sungið enda samdi afi hans Öxar við ána.

Gaz-man segist sjaldan eða aldrei hafa tekið í neinu eins skemmtilegu og Eurovision. Aukin harka gerir þetta bara enn skemmtilegra. „Þá verður meira gaman að vinna þetta. Við erum saman allan sólarhringinn og ég helli ofan í þá próteindrykkjum til að massa þá upp. Það verður rosalegt „show-ið“ á laugardaginn. Við erum með öll trompin ónotuð. Og munum rífa þakið af Smáralindinni. Bíðið bara og sjáið.“

jakob@frettabladid.is

DÖNSUM DRUNGANN BURT!
Ný námskeið hefjast 20. febrúar!
Salsa
Kúban-Salsa
Salsa-Karabí
Afró
Magadans
Flamenco
Break
Yoga alla daga
Kramhúsið er aðili að Frístundakortinu

KRAMHÚSIÐ
www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860
25 ÁRA STOFNAÐ 1983

AURIS
Nýtt upphaf


Auris - Nýtt upphaf.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Dísil Auris

Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkst, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.

Verð frá: 1.998.000 kr.

EURO NCAP
TOYOTA D-4D

ÍSLENSKA/SIA.IS TOY 40990 02/08

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 4, Kópavogur, Sími: 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bresku fyrirsætuna **Jordan** langar til að ættleiða barn frá Búlgaríu eftir að hún sá heimildarmynd um barnaheimili þar í landi í sjónvarpinu. „Ég hef pláss fyrir annað og Peter myndi hjálpa til,“ segir fyrirsætan, sem á þrjú börn fyrir: Harvey, fimm ára, og hinn tveggja ára gamla Junior og Princess Tiaamii, sjö mánaða, með eiginmanni sínum, **Peter Andre**.



**Eva Longoria Parker** er stórhrifin af því að fljúga. Hún flýgur oft heimshorna á milli til að hitta eiginmann sinn, körfuboltastjörnuna **Tony Parker**, og virðist nota tímann í að sinna öðru hugðarefni sínu. „Ég elska að fljúga, því þá fæ ég að sofa. Maður getur sofnað og verið kominn til Ástralíu degi síðar. Það er best í heimi,“ segir leikkonan.



**Uma Thurman** kveðst hafa notið þess sérstaklega að kyssa meðleikara sinn, **Colin Firth**, í myndinni The Accidental Husband. Hann er nefnilega einn fárra mótleikara Umu sem eru hærri en hún. Uma er 1,83 metrar á hæð, en Firth fjórum sentimetrum hærri. „Þetta var æðislegt! Ég þurfti ekki að vera álút, halla mér eða standa í skurði. Það var svo skemmtilegt að geta verið á hælum,“ segir hún.



**David** og **Victoria Beckham** endurnýjuðu hjúskaparheitið á laun fyrir tæpum tveimur árum. David skipulagði athöfnina og kom Victoriu á óvart. Aðeins nánir vinir og fjölskylda parsins voru viðstödd athöfnina, sem fram fór á heimili þeirra í Engandi, „Beckingham Palace“. Hjónin fengu sér svo tattú í stíl til minningar um athöfnina – rómversku tölustafirnir VIII.V.MMVI minna þau á dagsetninguna 8. maí 2006.










# Þrjátíu tónleikar á 32 dögum

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben spilar á þrjátíu tónleikum á aðeins 32 dögum á tónleikaferð sinni um Evrópu sem hófst í Belgíu fyrir helgi. Þetta er stærsta tónleikaferðin sem Pétur hefur farið í.

„Ég hef aldrei prófað þetta áður og það verður bara að koma í ljós hvernig ég höndla þetta en þetta hefur gengið vel hingað til,“ segir Pétur, sem treður upp ásamt Sigtryggi Baldurssyni og Óttari Sæmundsen. „Bassaleikarinn var veikur í Brussel og spilaði ekki þar en allir aðrir tónleikar hafa gengið ótrúlega vel. Fólk hefur verið að mæta og það er almenn ánægja.“



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben er önnum kafinn um þessar mundir.

Næst taka við sex tónleikar í Þýskalandi á vegum 12 Tóna ásamt Jakobínarínu og Gavin Portland. Eftir þá ferð hitar Pétur einsamall upp fyrir hljómsveitina Kaizers Orchestra á sautján tónleikum í Noregi. Að þeim loknum heldur hann áfram sem frá var horfið við upptökur á nýjustu plötu Bubba Morthens.

Pétur hefur lítið getað slakað á að undanförnu því áður en Evróputúrinn hófst spilaði hann á þrennum tónleikum í St. Louis í Bandaríkjunum á vegum samtakanna Iceland Naturally. „Það var rosalega mikið ferðalag og það komu allir hálfveikir heim,“ segir hann en tekur fram að tónleikarnir sjálfir hafi gengið vel. Reyndar brotnaði gítar Péturs á ferðalaginu og er hann að reyna að hafa uppi á gítarsmið til að lagfæra sprunguna.

- fb

# Gyllt hús vekur athygli

**Fasteignaauglýsing fyrir einbýlishús sem nú er til sölu í Grindavík hefur vakið mikla athygli síðustu daga, og er það helst óvenjulegur stíll á innréttingum sem vekur áhuga fólks.**

„Við höfum frétt af því að myndirnar gangi manna á milli í fyrirtækjum í Reykjavík,“ segir annar húseigenda, Sigríður Þ. Þórðardóttir, og hlær við. Nú síðast rataði tengill á auglýsinguna, með myndum, inn á heimasíðuna digg.com, sem fjöldi fólks fer um á hverjum degi. Sigríði er athyglin alls ekki á móti skapi. „Þetta er svolítið öðruvísi smekkur, en þetta er auðvitað bara góð auglýsing fyrir okkur,“ segir hún brosandi.

Stíllinn er hreinræktaður barokkstíll, að sögn Sigríðar, sem hefur lengi verið heilluð af honum. „Ég er mjög hrifin af bæði barokkstílnum og gulli, og það er náttúrlega ekki verra að geta sameinað það,“ segir Sigríður. Hún segir mann sinn, Björgvin Vilmundarson, ekki síður ánægðan með innréttingarnar. „Það er kannski frekar ég sem er svona hrifin af þessu, en honum finnst þetta líka ósköp fallegt,“ segir Sigríður.

Húsgögnin sem prýða herbergi í húsinu hefur Sigríður flest keypt á Ítalíu, enda ekki heiglum hent að finna húsgögn í þessum stíl hér á landi. „Það er eiginlega ekki hægt. Hér er miklu meira þessi funkis-stíll, svona einfaldari. Heildin virðist vilja það,“ segir Sigríður. Húsgögnin eru þar að auki skreytt með ekta blaðgulli, að sögn Sigríðar, sem kveðst ekki geta neitað því að til séu ódýrari hönnunaráhugmál.







**VANDFUNDINN BAROKKSTÍLL** Stíllinn á innbúi Sigríðar og Björgvins er hreinræktaður barokkstíll, að sögn Sigríðar. Húsgögn í þeim stíl eru vandfundin hér á landi, enda hefur Sigríður sótt flest þeirra til Ítalíu. Þau eru skreytt ekta blaðgulli, en í eldhúsinu prýða gylltar plötur veggina.

Eldhúsið prýða hins vegar plötur með gulláferð, sem fást hér á landi. „Nei, almáttugur, það er ekki blaðgull,“ segir Sigríður aðspurð og hlær við. „Við höfum látið þessar plötur upp í fleiri en einu húsi sem við höfum búið í, þær eru límdar á vegginn,“ útskýrir hún.

Þau hjónin hyggjast nú minnka við sig, og hafa augastað á litlu raðhúsi. Hvort gullplöturnar muni setja svip sinn á það líka segir Sigríður en óráðið. „Það kemur allt í ljós,“ segir hún og hlær við.

sunna@frettabladid.is


Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★½ - 24. Stundir
★★★★ - V.J.V., Topp5.is

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 8 og 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6, 8 og 10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10-P | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

FRÁBÆR SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA "BOURNE IDENTITY OG "MR. & MRS SMITH"

FÓLK MEÐ ÓTRÚLEGA KRAFTA SEM GETA BREYTT ÖLLU KALLAST STÖKKVARAR!

JUMPER LÚXUS

STÓRKOSTLEG MYND Í LEIKSTJÓRN SEAN PENN.

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA BESTI AUKALEIKARI - BESTA KLIPPING

★★★★

INTO THE WILD

HAMINGJAN FELST EKKI Í EFNISLEGUM GÆÐUM.

BEFORE THE DEVIL KNOWS YOU'RE DEAD

SANNIR SPARTVERJAR

MEET THE SPARTANS

300 Á ÞETTA SKILIÐ!

★★★★★ - E.E., DV

FRIÐÞÆGING

ATONEMENT

BYGGT Á METSÖLUBÓK EFTIR IAN McEWAN

RAMBO

ALVÖRU HETJUR DEYJA ALDREI

★★★★ - V.J.V., 24 STUNDIR

EITTHVAÐ SKELFILEGT ER Á SVEIMI!

★★★ -DÓRI DNA, DV
★★★ - S.V., MBL

WALK HARD

ÁSTRÍKUR ÍSLENSKT TAL

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!

★★★★★ -Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf

★★★★★ - Jakob Frímann Magnússon

BRÚÐGUMINN

GLITNIR

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JUMPER LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 10.20 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 - 5.40 ÍSLENSKT TAL | |
| CLOVERFIELD | kl. 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE ALIEN VS PREDATOR | kl. 10.10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 |
| RAMBO | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSLENSKT TAL | |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ÓSKARS TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN

MR. MAGORIUMS WONDER EMPORIUM TÖFRABÚÐIN

JUMPER

NO COUNTRY FOR OLD MEN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| MR. MAGORIUMS WO... | kl. 6 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 5:30 | VIP |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MR. MAGORIUMS WON... | kl. 6 - 8 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl.10 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WONDER EMPORIUM | kl. 8 | L |
| CLOVERFIELD | kl. 10:10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | Lau. og sun. | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 - 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 8 - 10 | 12 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 | 7 |
| SWEENEY TODD | kl. 10 | 16 |

Alltaf í sambandi erlendis

Það er Síminn

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landsbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is




# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

**NÝTT!**

Yfir 500 gerðir af adidas skóm og fatnaði á 50% afslætti ásamt frábæru úrvali af nýjum barna - kvenn og herra fatnaði á frábæru verði.

**Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!**

**Adidas, Studio London, Vagabond, Blend, Reebok, Skechers, Zoo York, Marc Ecko Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl.**
**Stök pör, tilboð dagsins.**

# EINFÖLD VERÐ

500.- | 1000.- | 2000.- | 3000.- | 4000.- | 5000.- | 6000.-

**Opnunartími**
Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunnar frá fimmtudeginum 14. febrúar til sunnudagsins 24. febrúar

**Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...**

**NÝTT KORTATÍMABIL hefst í dag** VISA EUROCARD MasterCard

## > Tíðinda líklega að vænta í dag

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst kemur líklega í ljós í dag hvort af því verði að Geir Sveinsson taki við íslenska handboltalandsliðinu af Alfreð Gíslasyni. HSÍ hafði samband við Geir síðastliðinn miðvikudag og hann hefur haft fimm daga til þess að fara yfir málið með sjálfum sér og HSÍ. Sem fyrr vörðust forsvarsmenn HSÍ allra frétta í gær þegar eftir því var leitað. Eftir sem áður var þó kvartað yfir ágangi fjölmiðla en formaður HSÍ segir að málin hefðu klárlega gengið betur fyrir sig hefðu þeir fengið að vinna landsliðsþjálfaramálin í friði. Það þykja Fréttablaðinu frekar ódýr ummæli og vinnubrögð af hálfu HSÍ en nákvæmlega engar upplýsingar hafa fengist frá þeim síðan Alfreð lýsti því yfir að hann væri hættur.



**sport**
sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSKAPPINN SVERRE JAKOBSSON: ENN EFTIRSÓTTUR AF BÆÐI ÞÝSKUM OG DÖNSKUM LIÐUM

# *Hafnaði FCK og stefnir enn á að koma heim*



Landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson segir að hugurinn stefni enn heim á leið þó svo lið frá bæði Þýskalandi og Danmörku séu að sýna honum áhuga.

„Ég fékk meðal annars símtal frá Magnusi Andersson, þjálfara FCK, á dögunum. Það var gaman að þeir skyldu hafa samband og bjóða mér samning, sem ég reyndar hafnaði. Það segir manni að ég hafi verið að gera eitthvað rétt,“ sagði Sverre léttur en samningur hans við Gummersbach rennur út í sumar. Hann sagðist nú ekki hafa trúað því alveg í fyrstu að Andersson væri sjálfur að hringja. „Ég hélt að það væri verið að gera eitthvert grín í mér og bjóst allt eins við því að Auddi [Blöndal] kæmi hlæjandi í símann.“

Sverre segist enn fremur hafa fengið fyrirspurnir frá liðum í Þýskalandi en ekkert hafi enn gerst sem komi í veg fyrir að hann flytji heim í sumar.

„Það hafa verið lítilsháttar þreifingar og fyrirspurnir en ekkert á alvarlegu stigi. Mér liggur ekkert á og mun eðlilega skoða allt sem kemur upp með opnum huga. Ég geri í raun ekki ráð fyrir að taka endanlega ákvörðun um neitt fyrr en í mars en í augnablikinu stefnir hugur minn og fjölskyldunnar á að koma heim,“ sagði Sverre en hann hefur verið í viðræðum við nokkur íslensk félög sem vilja ólm fá hann í sínar raðir. Sverre stóð sig frábærlega með Fram eftir að hann kom heim frá Bandaríkjunum og það leiddi til þess að hann fór til Gummersbach og komst í íslenska landsliðið.

Sverre sagði að fín stemning væri í Köln þessa dagana enda er sannkallaður stórleikur hjá félaginu í Meistaradeildinni á morgun þegar Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real koma í heimsókn.

„Það verður virkilega skemmtilegt verkefni. Það búast fáir við því að við eigum möguleika þannig að pressan er á þeim. Það verður gaman að kljást við Óla og hann fær hraustlegar móttökur hjá okkur löndum sínum í leiknum. Það er óhætt að lofa því,“ sagði Sverre.










# Rífur Liverpool sig upp?

**Meistaradeild Evrópu fer á fullt á nýjan leik í kvöld þegar sextán liða úrslitin hefjast. Liverpool tekur á móti Inter en Chelsea fer til Grikklands.**

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með fjórum leikjum. Flestra augu verða líklega á viðureign Liverpool og Inter sem mætast á Anfield.

Verður áhugavert að sjá hvernig Liverpool mætir til leiks eftir slæmt tap fyrir Barnsley í bikarnum um síðustu helgi. Nokkrir lykilmenn voru þá hvíldir en Liverpool teflir eðlilega fram sínu sterkasta liði í kvöld en þeir Gerrard, Reina og Mascherano verða allir með í kvöld.

Þó svo að gengi Liverpool heima fyrir hafi verið dapurt er annar bragur á liðinu í Meistaradeildinni, þar sem vel hefur gengið upp á síðkastið og liðið búið að vinna þrjá leiki í röð. Inter er að sama skapi á mikilli siglingu í Meistaradeildinni þar sem liðið hefur unnið fimm leiki í röð. Inter er án Cesar, sem er í banni, og Luis Jimenez er meiddur. Luis Figo er einnig tæpur vegna meiðsla.

**Höfum trú á okkur**

„Leikmenn liðsins hafa fulla trú á því að við getum unnið þennan titil. Við höfum liðið til að fara alla leið enda með frábæra leikmenn og við verðum að trúa á okkur. Saga Liverpool í Evrópu talar sína máli og við viljum halda upptekn-um hætti og berjast fyrir tilverurétti okkur í keppninni,“ sagði Fabio Aurelio, varnarmaður Liverpool. Leikurinn í kvöld er fyrsta viðureign félaganna í Evrópu síðan leiktíðina 1964-65. Þá vann Inter seinni leikinn heima, 3-0, eftir að hafa tapað úti, 3-1.



**VETUR Í GRIKKLANDI** Það er kalt í Grikklandi þar sem Didier Drogba og félagar í Chelsea sækja Olympiakos heim. NORDIC PHOTOS/AFP





**UNDIR PRESSU** Rafa Benitez, stjóri Liverpool, er undir mikilli pressu þegar Liverpool tekur á móti Inter á Anfield í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Rimma Olympiakos og Chelsea í Grikklandi er einnig mjög áhugaverð. Fastlega er búist við því að Avram Grant, stjóri Chelsea, tefli fram þeim Nicolas Anelka og Didier Drogba saman í framlínunni. Michael Essien verður svo væntanlega í varnarhlutverki á miðjunni með þá Frank Lampard og Michael Ballack fyrir framan sig.

„Ef þetta félag vill verða enn stærra verðum við að komast í úrslit og vinna. Það er ekki hægt að segja að Chelsea sé að verða stærra ef við komumst ekki í úrslit, sem er takmark okkar. Við ætluðum að gera það á tveim árum en núna viljum við komast í úrslit í ár. Ég mun ekki linna látum fyrr en við komumst í úrslitaleikinn,“ sagði Avram Grant en félögin hafa aldrei mæst áður í Evrópukeppnum. Olympiakos hefur aldrei komist lengra en í sextán liða úrslitin.

henry@frettabladid.is

**MEISTARADEILD EVRÓPU**

**Leikir kvöldsins:**

| | |
|---|---|
| Liverpool - Inter | SÝN |
| Olympiakos - Chelsea | SÝN EXTRA 2 |
| Roma - Real Madrid | SÝN EXTRA |
| Schalke - Porto | |




Íslandsmótið innanhúss:

# KR og Breiðablik unnu flesta

**FÓTBOLTI** KR og Breiðablik eignuðust um helgina tvo Íslandsmeistara þegar Íslandsmótið innanhúss fór fram hjá yngri flokkum. Nú var í fyrsta skiptið leikið eftir Futsal-reglum.

KR vann 4. flokk karla og 2. flokk kvenna en Blikar unnu 3. flokk kvenna og 5. flokk karla.

Auk þeirra vann Snæfellsnes 2. flokk karla, Víkingur vann 3. flokk karla, HK vann 4. flokk kvenna og loks vann KS 5. flokk kvenna. - óój

## ÚRSLIT

### Iceland Express-deild karla:

**ÍR-KR** **87-83**
**Stig ÍR:** Nate Brown 21, Hreggviður Magnússon 18, Tahirou Sani 11, Sveinbjörn Claessen 10, Steinar Arason 8, Ólafur Jónas Sigurðsson 8, Ómar Sævarsson 7, Eiríkur Önundarson 4.
**Stig KR:** Joshua Helm 20, Helgi Már Magnússon 17, Brynjar Þór Björnsson 15, Avi Fogel 10, Jeremiah Sola 10, Fannar Ólafsson 5, Darri Hilmarsson 4, Skarphéðinn Ingason 2.

**Grindavík-Fjölnir** **89-83**
**Stig Grindavíkur:** Jonathan Griffin 29 (10 fráköst), Páll Axel Vilbergsson 29, Adama Darboe 11 (9 stoðsendingar), Þorleifur Ólafsson 9, Páll Kristinsson 6, Igor Beljanski 5.
**Stig Fjölnis**: Anthony Drejaj 23, Sean Knitter 18 (15 frák.), Pete Strobl 17, Tryggvi Pálsson 10, Níels Dungal 9, Kristinn Jónasson 4, Helgi Þorláksson 2.

### Iceland Express-deild kvk:

**Hamar-KR** **80-75**
Stig Hamars: La K. Barkus 26, Iva Milevoj 21, Fanney Guðmundsdóttir 13, Hafrún Hálfdánard. 11, Jóhanna Sveinsdóttir 8, Álfhildur Þorsteins. 1.
Stig KR: Candace Futrell 25, Hildur Sigurðardóttir 23, Sigrún Ámundadóttir 11, Helga Einarsdóttir 5, Guðrún Þorsteindóttir 4, Rakel Margrét Viggósdóttir 4, Guðrún Ámundadóttir 3.

Grindvíkingar tóku annað sætið af KR í gærkvöldi í Iceland Express-deild karla:

# Nate Brown var KR erfiður

**KÖRFUBOLTI** ÍR vann fjögurra stiga sigur á Íslandsmeisturum KR, 87-83, í Seljaskóla í gær og fóru langt með spilla fyrir deildarmeistaradraumum Vesturbæinga sem duttu fyrir vikið niður í 3. sæti þar sem Grindvíkingar unnu 89-83 sigur á Fjölni á sama tíma.

ÍR-ingar voru ákveðnari frá byrjun, voru 24-23 yfir eftir fyrsta leikhluta og 46-40 yfir í hálfleik. Þeir komust meðal annars vel frá því að leika í átta mínútur án Nate Brown (KR vann þær 21-14) sem lenti í villuvandræðum.

Hálfleiksræða Benedikts Guðmundssonar, þjálfara KR, kveikti greinilega í hans mönnum og þá aðallega í Jeremiah Sola og KR-ingar voru komnir 57-62 eftir aðeins sex mínútna leik í seinni hálfleik. ÍR-ingar voru hins vegar ekkert á því að gefa sig, komu sér aftur inn í leikinn undir frábærri stjórn Nates og höfðu síðan betur í spennuþrungnum lokaleikhluta. KR-ingar týndu Joshua Helm gegn svæðisvörninni og hann náði ekki einu skoti á körfuna í 4. leikhluta. Meistararnir létu Nate líka stela fjórum boltum af sér á lokamínútunum sem vóg þungt í svona jöfnum leik.

Nate Brown (21 stig, 10 stoðsendingar, 9 fráköst, 7 stolnir) átti stórleik í liði ÍR en eins var Hreggviður Magnússon (18 stig) sterkur þótt hann hitti ekki vel og Ómar Sævarsson, Ólafur Sigurðsson og Steinar Arason komu með 23 stig og mikinn kraft af bekknum.

Hjá KR nýtti Helm færin sín vel þegar hann þá fékk boltann en bestur var þó Helgi Már Magnússon. Brynjar Þór Björnsson setti líka niður stór skot í lokin en útlendingarnir þrír skoruðu aðeins þrjú stig saman í fjórða leikhluta. KR-liðið má ekki við því að Jeremiah Sola spili bara annan hálfleikinn en öll 10 stig og 7 fráköst hans komu í seinni hálfleik. **- óój**



**EIN AF TÍU** Nate Brown gefur hér eina af 10 stoðsendingum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁFRAM Í FIRÐINUM** Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir leika áfram í hvítu treyjunum næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góð tíðindi fyrir FH-inga:

## Arnar og Bjarki áfram í FH

**FÓTBOLTI** Bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir eru hættir við að hætta knattspyrnuiðkun og munu spila eitt tímabil í viðbót með FH-ingum. Þetta kemur fram á stuðningsmannasíðu FH, fhingar.net. Þetta er góð tíðindi fyrir bikarmeistarana enda voru þeir bræður liðinu mikilvægir á síðustu leiktíð. **- hbg**

Man. Utd og Chelsea:

## Drógust ekki saman í bikar

**FÓTBOLTI** Manchester United og Chelsea drógust ekki saman í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar þegar dregið var í gær og því gæti svo farið í fyrsta sinn í 123 ár að sömu lið mætist í úrslitaleiknum tvö ár í röð.

Chelsea heimsækir Liverpoolbanana í Barnsley á meðan Manchester United tekur á móti Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth.

Í hinum leikjunum mætast Bristol Rovers og West Bromwich Albion annars vegar og svo mun Cardiff City heimsækja annað hvort Sheffield United eða Middlesbrough, sem þurfa að mætast aftur eftir markalaust jafntefli í vikunni. **- óój**






## > Wesley Snipes

„Sum hlutverk er vissulega mun erfiðara að komast inn í en önnur. En ennþá hefur ekkert hlutverk rekið á fjörur mínar sem ég hef ekki ráðið við,“ segir Wesley Snipes, sem leikur í kvikmyndinni Nine Lives sem er sýnd í kvöld kl. 22 á Stöð 2 Bíó.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

## *Mannbætandi eiginleikar sjónvarpsáhorfs*

Þótt það sé allra góðra gjalda vert að reyna að bæta sig, fræðast og þroskast er stundum nauðsynlegt að leyfa sér að renna í fúlan forarpytt lágmenningar og ósóma, þó ekki sé til annars en að ná ástandi sem vert er að hefja sig upp úr. Lífið er lítils virði án takmarks sem er núverandi ástandi æðra og því er ljóst að ef við gerum ekkert annað en að endurvinna, þrífa og lesa heimsbókmenntir eigum við ekkert eftir sem vert er að stefna að. Því er einn og einn dagur fyrir framan imbakassann hverri dyggðum prýddri nútímamanneskju hrein nauðsyn, bara til þess að viðhalda lífsviljanum.



Mikið hefur tilkoma erlendra sjónvarpsstöðva sem teknar eru inn á heimilið með undraverðri stafrænni tækni gert mikið fyrir lífsbaráttuna hér á norðurhjara veraldar. Þegar tekin er daglöng rispa fyrir framan sjónvarpstækið eru þær sannarlega ómissandi krydd í réttinn, enda yrði áhorfandinn án þeirra lítils vísari um húðflúr á Flórídaskaganum og 500 bestu diskólög allra tíma. Enn fremur er nokkuð auðvelt að ráða, út frá framboði stöðvanna, hvaða fyrirbæri það eru sem heilla sjónvarpsáhorfendur upp að því marki að sýna má þau aftur og aftur, daginn út og inn, dag eftir dag. Risaeðlur og hákarlar eru sýnd svo til stanslaust og skriðdrekar eru svo áhugaverðir að ekki veitir af að sýna þátt um þá á klukkustundar fresti allan sólarhringinn. Áhugaverðasti fulltrúi mannheima er klárlega Adolf Hitler. Önnur eins fjölmiðlastjarna hefur aldrei látið á sér bera í heimi hér; Britney Spears og Paris Hilton samanlagðar hafa ekki roð við þessum litla, ljóta skúrki. Honum bregður fyrir í nánast öllum þáttum á nánast öllum sjónvarpsstöðvum; hann er fullkomlega óhjákvæmilegur í þáttum um skriðdreka og gott ef ekki hefur einstaka sinnum sést til hans í þáttum um hákarla og risaeðlur.

Eftir súran dag í félagsskap þjóðarmorðingja, drápstóla, mannætuhákarla og andfúlla risaeðla sér maður ferð í Sorpu, ryksuguna og heildarverk Hemingways í hillingum. Dirfist ekki að draga mannbætandi eiginleika sjónvarps í efa.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Skólahreysti SKJÁREINN



▶ **20.10** Veronica Mars SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Extreme Life Through a Lens SIRKUS



▶ **20.00** Kinsey STÖÐ2BÍÓ



▶ **23.10** Nip Tuck STÖÐ2

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum** e.
**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Veronica Mars**
**20.55 Ferðin til Svalbarða** (2:2) Danskir þættir um ferðalag náttúruljósmyndarans Jans Tandrups til Svalbarða en þangað fór hann til að kynna sér áhrif hnattrænnar hlýnunar.
**21.25 Viðtalið** Í þessum þætti ræðir Bogi við Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, sem er á Íslandi vegna þess að Eistar vilja minnast þess að Íslendingar voru fyrstir þjóða til að viðurkenna endurheimt sjálfstæði landsins árið 1991. Þeir ræða stöðu landsins, samskiptin við Rússland og Vesturlönd, þær gríðarmiklu breytingar sem hafa orðið í Eystrasaltslöndunum frá tímum Sovétríkjanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Víkingasveitin**
**23.20 Glæpurinn** (Forbrydelsen: Historien om et mord) e.
**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Kinsey**
**08.00 Pokémon 5**
**10.00 World Traveler**
**12.00 Friday Night Lights**
**14.00 Pokémon 5**
**16.00 World Traveler**
**18.00 Friday Night Lights**
▶**20.00 Kinsey**
**22.00 Nine Lives** Gráglettin og spennandi hasarmynd frá 2004 með Wesley Snipes úr Blade.
**00.00 Edge of Madness**
**02.00 House of 1000 Corpses**
**04.00 Nine Lives**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Sisters** (18:22) (e)
**10.55 Joey**
**11.20 Örlagadagurinn**
**12.00 Hádegisfréttir Fréttir, íþróttir, veður og Markaðurinn.**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**13.35 Agatha Christie - Sittaford Mystery**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Shin Chan, Ginger segir frá, Skjaldbökurnar, Justice League Unlimited
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Friends**
**20.15 Amazing Race** Kapphlaupið mikla heldur áfram um heiminn þveran og endilangan.
**21.00 NCIS**
**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.25 60 mínútur**
▶**23.10 Nip/Tuck** Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.
**00.00 Prison Break**
**00.45 The Closer**
**01.30 Anacondas: The Hunt For the Blood Orchid**
**03.10 Agatha Christie - Sittaford Mystery**
**04.45 Cold Case**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN *besta sætið*

**15.25 Spænsku mörkin**
**16.10 Inside Sport** (Gordon Strachan)
**16.40 World Supercross GP**
**17.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Meistaradeildin** (Upphitun) Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Liverpool - Inter Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Liverpool og Inter Milan í Meistaradeild Evrópu. Sýn Extra. Roma - Real Madrid Sýn Extra 2. Olympiakos - Chelsea
**21.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**22.10 Roma - Real Madrid Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Roma og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu sem var í beinni á Sýn Extra fyr í kvöld.
**00.00 Olympiakos - Chelsea Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Olympiakos og Chelsea í Meistaradeild Evrópu sem var í beinni á Sýn Extra 2 fyr í kvöld.
**01.50 Meistaradeildin**

## SÝN2

**07.00 Coca-Cola Championship** Útsending frá leik Bristol City og Crystal Palace í ensku 1. deildinni.
**17.30 Premier League World**
**18.00 Coca Cola mörkin**
**18.30 Season Highlights**
**19.30 Man. Utd - Man. City** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. Utd og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.10 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.
**21.40 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.10 Masters Football** (Yorkshire Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glenn Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
**00.30 English Premier League**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**18.50 Less Than Perfect** (e)
**19.10 Psych** (e)
▶**20.00 Skólahreysti** (5:13) Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Kynnir er Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi úr hljómsveitinni Í svörtum fötum. Hringurinn um landið er hafinn og fyrsti áfangastaður er Selfoss þar sem grunnskólar af Suðurlandi etja kappi í íþróttahúsinu Sólvöllum.
**21.00 Innlit / útlit - NÝTT** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir. Ritstjóri þáttarins er Þórunn Högnadóttir.
**22.00 High School Reunion** (6:7) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný. Framleiðandi þáttanna er Mike Fliess, sá sami og stendur á bak við The Bachelor.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 C.S.I. New York** (e)
**00.50 Bullrun** (e)
**01.40 NÁTTHRAFNAR**
**01.40 C.S.I. Miami**
**02.25 Less Than Perfect**
**02.50 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


INNLIT / ÚTLIT



HEFST Í KVÖLD KL. 21.00
Á SKJÁEINUM

ENNEMM / SÍA / NM32294

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30

### Liverpool - Inter Milan



Í kvöld mætast tvö lið sem hafa ansi ólíkan bakgrunn í Meistaradeild Evrópu á undanförnum árum. Á meðan Liverpool hefur komist í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í tvígang á undanförnum árum og hampað bikarnum árið 2005, hefur lið Inter verið heillum horfið oft á tíðum þrátt fyrir að hafa sett markið hátt í þessari bestu deild í heimi. Núna telja sparkspekingar að tími Inter sé kominn enda liðið sjaldan eða aldrei litið jafn vel út og í ár.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ferðin til Svalbarða (2:2)

**Sjónvarpið kl.20.55**

Danskir þættir um ferðalag náttúruljósmyndarans Jans Tandrups til Svalbarða en þangað fór hann til að kynna sér áhrif hnattrænnar hlýnunar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**00.00** Fréttir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 The George Lopez Show**
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
**19.00 Hollyoaks** (126:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (127:260)
**20.00 The George Lopez Show**
▶**20.30 Extreme: Life Through a Lens** Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**21.15 Lovespring International** Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol** (9:42)
**22.45 American Idol** (10:42)
**23.30 Crossing Jordan** (10:17)
**00.15 Comedy Inc.** (2:22)
**00.40 American Dad 3** (18:19)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Meðal gesta er Guðfinna S. Bjarnadóttir, alþingismaður og fyrrum rektor Háskólans í Reykjavík.
**21.00 Kristinn H** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður. Hann ræðir við Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um Evrópumálin.
**21.30 Mér finnst** Kvennaþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og viðhorf til samfélagsins.

## DR 1

**12.30** Grøn glæd **12.50** Den lille forskel **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Sporløs **19.30** Guld og grønne skove **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **20.55** Mistænkt **22.40** Seinfeld **23.05** Sommer **5.00** Konstanse **5.10** Buh! **5.35** Lisa **5.40** Kære Sebastian **6.00** Boblin

## NRK 1

**12.40** Faktor **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.05** Hannah Montana **15.30** Hemmelig agent på moped **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Kjære dagbok 1972 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV-show **17.15** Dyrlege Due **17.25** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Berulfsens pengebinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet: I Ungarn **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.25** Barn i ingenmannsland **0.20** Kulturnytt

## SVT 1

**12.05** Robins **13.00** Ådalens poesi **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Anaconda **16.30** Krokomax **17.00** Harry och hans hink med dinosaurier **17.10** Minimyror i Kenya **17.20** Byggare Bob **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Ishockey: Tre kronor live **21.00** Plus **21.30** Kortfilm: Gråter och stör de andra **21.45** Dark Blue **23.40** Rapport **23.50** Kulturnyheterna **0.00** Brottet **1.00** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst eiginlega alltaf notalegast að fara á Hornið niðri í bæ. Helst svona þegar hádegistraffíkin er búin, og fá sér þá kannski einn öl í leiðinni.“*

Ívar Örn Sverrisson, leikari.

# Hnakkarnir jarða rokkarana

Hlustun á X-ið hefur dregist saman að undanförnu og mælist nú aðeins 1,5 prósent í aldurshópnum 12-49 ára. Þetta er niðurstaða nýrrar hlustendakönnunar Capacent Gallup. Á meðan hafa meðal annars 16 prósent á þessum aldri stillt á poppstöðina FM 957. Hið alræmda stríð milli hnakka og rokkhunda virðist því vera til lykta leitt með stórsigri hnakka. Hvorki Brynjar Már Valdimarsson, dagskrárstjóri FM 957, né Þorkell Máni Pétursson, dagskrárstjóri X-ins, vildu tjá sig um málið en útvarpsstöðvarnar eru báðar í eigu 365 miðla.

Útvarpskönnunin var framkvæmd á sama hátt og sjónvarpskönnunin sem nýlega var kynnt, með rafrænum hætti. Að sögn Guðna Rafns Gunnarssonar, ráðgjafa hjá Capacent, eru þetta mun nákvæmari tölur en þær sem fengust með svokölluðum dagbókarkönnunum. Þátttakendur í könnuninni bera svokallaðan pdm-mæli sem nemur útvarpsmerki viðkomandi útvarpsstöðvar.

Rekstur svokallaðra rokkstöðva virðist vera nokkuð erfiður hér á landi ef marka má þessa niðurstöðu. Fyrir jól var tilkynnt að X-FM væri hætt sínum útsendingum en sú lokun hefur ekki haft áhrif á hlustun X-ins. Samkvæmt hlustendakönnun sem framkvæmd var í lok ársins 2007 og í byrjun þessa með sama hætti hefur hlustun á X-ið dregist saman um eitt prósentustig en FM 957 bætir við sig á milli kannanna.

**- fgg**



**VILJA EKKI TJÁ SIG** Hvorki Þorkell Máni né Brynjar Már vildu tjá sig um niðurstöður hlustendakönnunar Capacent.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** ílát **6.** í röð **8.** hópur **9.** kúgun **11.** mun **12.** hengingartré **14.** safna saman **16.** borðaði **17.** fúadý **18.** umrót **20.** þys **21.** yfirstétt.

**LÓÐRÉTT 1.** ílát **3.** bor **4.** eyja í Miðjarðarhafi **5.** svelg **7.** stífa **10.** angan **13.** útdeildi **15.** svari **16.** spíra **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vasi, **6.** rs, **8.** lið, **9.** oki, **11.** ku, **12.** gálgi, **14.** smala, **16.** át, **17.** fen, **18.** los, **20.** ys, **21.** aðal.

**LÓÐRÉTT: 1.** trog, **3.** al, **4.** sikiley, **5.** iðu, **7.** skástoð, **10.** ilm, **13.** gaf, **15.** ansi, **16.** ála, **19.** sa.

## LÁRUS H. LIST: VERKIÐ VÍSAR TIL GRÆÐGISVÆÐINGAR USA

# Wal-Mart í mál við íslenskan myndlistarmann

„Já, þetta er alveg ótrúlegt helvíti. Ég var eitthvað pirraður út í Bandaríkin þegar ég gerði þetta verk, mynd af Monu Lisu og skírði hana Wa1mART.com. Sem hluta af verkinu. Í framhaldinu skrifaði ég mér lén á internetinu með sama heiti: wa1mart.com,“ segir Lárus H. List listamaður á Akureyri.

Verslunarkeðjan og stórfyrirtækið bandaríska Wal-Mart hefur stefnt Lárusi fyrir gerðardóm í Genf í Sviss þar sem málið verður tekið fyrir eftir tæpar þrjár vikur. Þar mun fyrirtækið freista þess að ná léninu af Lárusi. Verkið gerði Lárus fyrir um tveimur árum og sýndi í galleríinu Klink og Bank. Hann fékk fljótlega upp úr því bréf frá lögmönnum Wal-Mart þar sem honum var bent á að lénin walmart.com og wa1mart.com væru lík og hann væri að valda fyrirtækinu skaða. „Ég sagði bara „fuck the system“. Og benti þeim á að Warhol hefði nú gert Campellsúpuna fræga. Þeir gætu bara keypt verkið af mér. Enda nafnið hluti verksins og þjónar ákveðnum tilgangi.“

Þeir Wal-Mart menn hefðu betur gert það því Lárus lætur sig ekki. Og skírskotar til þess að hér sé um list að ræða. Leið og beið en í síðustu viku fékk Lárus þykka möppu með málsskjölum senda frá Bandaríkjunum. Hann telur líklegt að kostnaður við slík lögfræðiálit sem þar eru kynnt skipti milljónum. Verkið hefur hins vegar nú þegar þjónað tilgangi sínum. Móna Lísa hafi verið listamönnum uppspretta ýmissa hugleiðinga; hvort hún væri á túr, hvort hún væri tvíkynja og svo framvegis en þetta verk átti að vísa til græðisvæðingar Bandaríkjanna sem allt vilja gleypa. Og það hefur nú komið á daginn.

Tekur nú þessi saga enn einn snúning því vel þekktur lögmaður á Englandi, Graham Ross, sem hefur sérhæft sig í réttindamálum í tengslum við Netið, hafði sambandi við Lárus. Ross hafði haft spurnir af málinu og bauðst til að verja Lárus í Genf. Lögmanninum breska virðist það augljóst að listamaðurinn sé í fullum rétti að festa sér þetta lén.

**jakob@frettabladid.is**



**WALMART.COM** Verkið eftir Lárus sem velti hinu þunga hlassi. Órjúfanlegur partur verksins er nafn þess og lénið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRUS H. LIST** Stjörnulögmaðurinn Graham Ross hefur ákveðið að leggja honum lið í komandi málaferlum við Wal-Mart.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Boðið verður upp á íslenskt þema í anddyri Laugardalshallarinnar fyrir tónleika **Egils Ólafssonar** og félaga í Þursaflokknum á laugardagskvöld. Fjórir glímukappar munu etja þar kappi hver við annan auk þess sem tveir harmonikkuleikarar munu halda uppi góðri stemningu. Einnig verður boðið upp á brennivínsskot og hákarl fyrir þá tónleikagesti sem eru hrifnir af ekta íslenskum þorramat. Hvort aðrir gestir eigi eftir að taka hákarlalyktinni í Höllinni eins fagnandi er aftur á móti annað mál.



Euro-bandinu hefur bæst góður liðstyrkur. Þannig hefur sjálft Eurovison-tröllið **Páll Óskar** sett saman texta við lag þess „Fullkomið líf“ sem heitir nú „This is your life“ og þannig munu þau **Friðrik Ómar** og **Regína Ósk** syngja lagið í Smáralind á laugardag.



Þeir hjá Ríkissjónvarpinu leituðu víða hófanna meðal erlendra Eurovision-stjarna með að koma og auka enn á fjörið sem væntanlegt er á laugardag. Enda mæltist vel fyrir þegar **Bobbysocks** komu um árið. Leitað var til **Johnny Logan** en hann mun vera að syngja á föstudagskvöld og kemst ekki. Þá var norska Eurovisionstjarnan **Ketil Stokkan** undir smásjá lengi vel en ekkert verður af því að hann komi og syngi því hann átti ekki heimangengt. Þannig að þetta verður strípað gaman.

**-fb/jbg**












# Natóþotan farin í geymslu

Þekkingar- og háskólasamfélagið á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði er smám saman að taka á sig mynd þekkingar og háskólasamfélags. Leifar fortíðar eru þó á hverju strái og ekki skrýtið, bandaríski herinn var hér lengi. Bandarískar áletranir eru enn inni í íbúðarhúsum og í kjörbúðinni, sem heitir nú Samkaup, er ennþá auglýst á kælinum „Cold beer cases inside“. En þetta mjakast. Táknmynd varnarstöðvarinnar, herþotan frá Nato sem stóð stolt nálægt gömlu flugstöðinni, var fjarlægt á dögunum.

„Hún var nú bara sett í geymslu hér inni á svæðinu,“ segir Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. „Hún var hífð upp á bíl og flutt um set. Þotan verður nú varla þarna í geymslunni lengi. Hún er á vegum utanríkisráðuneytisins og henni verður eflaust fundinn góður staður í framtíðinni.“

Girðingin, sem nær utan um svæðið og kom áratugum saman í veg fyrir að Íslendingar kæmust í bjór og Baby Ruth, stendur enn. „Það er ágætt að hafa hana til að beina umferðinni um ákveðnar leiðir,“ segir Kjartan. „Hún kemur líka í veg fyrir að krakkar séu að fara beint út á Reykjanesbrautina. Girðingin verður þó fjarlægð á endanum.“

Voldug varðskýli taka á móti manni þegar heyrt inn á svæðið. Hér stóðu brúnaþungir dátar með alvæpni en nú getur hver sem er keyrt framhjá mannlausum skýlunum. Þau voru byggð til að standast skriðdrekaárás svo það verður ekki auðvelt að rífa þau. „Við bíðum nú eftir að sjá frekari skipulagspælingar áður en við förum að rífa eitthvað,“ segir Kjartan. „Og svo má eflaust nota þessi skýli í eitthvað. Ein hugmynd sem sett var fram í gríni er að selja pulsur í þeim – eða smurðar beyglur.“

**- glh**



**TÁKNMYND VERNARANS** Natoþotan er farin inn í geymslu.



DYNAMO REYKJAVIK

# ENIGA MENIGA

*– við erum að tala um peninga*




**Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu.** Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavini Byrs, viðskiptavini annarra banka og fjárhagslega einkaþjálfara Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

**Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
*„...ég sá það á vísi"*




**BAKÞANKAR**

Karenar D. Kjartansdóttur


## *Blint réttlæti og heimskulegt*

Þrír menn fæddir á árunum 1980, 1982 og 1984 voru um daginn dæmdir í héraðsdómi fyrir stórfelldasta smygl á fíkniefnum sem komið hefur upp á Íslandi í einstöku máli. Sá sem þyngstan dóm hlaut var dæmdur í níu og hálfs árs fangelsi, einn í sjö ára og fimm mánaða fangelsi og sá þriðji í sjö ára fangelsi. Þurfa þeir að afplána tvo þriðju hluta dómanna áður en þeir eiga möguleika á reynslulausn.

**SEM** venja er tjáir lítt að deila við dómarann enda eru þessir dómar í samræmi við þá ótrúlegu refsigleði sem tíðkast í fíkniefnamálum. Ég kemst samt ekki hjá því að velta fyrir mér hvaða tilgangi refsingar sem þessar þjóna. Verður sá maður sem þyngstan dóm hlaut betri maður við að sitja inni til 2017? Býst einhver í veröldinni við því að hann komi galvaskur úr fangelsi 37 ára gamall og þá loksins orðinn nýtur og gegnheill þjóðfélagsþegn? Ég held ekki. Dómar sem þessir eru því ekki aðeins heimskulegir í tilgangsleysi sínu heldur einnig grimmdarlegir og dómstólum til skammar.

**LEYFI** fólk sér þó að gagnrýna langa dóma upphefst alltaf mikill grátkór góðs fólks sem vill enga glæpi eða glæpona í námunda við sig. Oft eru grátkórmeðlimirnir vissir um að allir þeir sem komi að sölu og dreifingu á eiturlyfjum séu nær yfirnáttúrulega vondir menn sem viti ekki betri skemmtan en að leiða saklaust fólk út á glapstigur fíkniefnadjöfulsins. Fíklarnir sjálfir eru svo útmálaðir sem fórnarlömb sem „lenda barasta" í klóm eiturlyfjanna. Yfirleitt sýnist mér þó að skammur vegur sé á milli þessara tveggja hópa, eiginlega sé þetta bara einn og sami hópurinn.

**BERI** ég þessa dóma svo saman við kynferðisbrotadóma verð ég sjóðandi ill. Lítum til að mynda á mál Jóns Péturssonar sem síðasta sumar var dæmdur í héraðsdómi í fimm ára fangelsi fyrir frelsissviptingu, nauðgun og hrottafengna líkamsárás á fyrrverandi sambýliskonu sína. Nokkrum mánuðum áður en Jón framdi þessa glæpi hafði hann verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir ítrekaðar nauðganir og árásir gagnvart annarri konu en það brot Jóns þótti þó ekki þess eðlis að nauðsynlegt þyrfti að hafa á honum almennilegar gætur og því var honum ekki stungið inn strax. Mennirnir í Pólstjörnumálinu voru þó hafðir lokaðir inni frá því þeir voru teknir í september og því augljóst að miklu verra þykir að ætla sér að selja eiturlyf til viljugra kaupenda en að nauðga og hálfdrepa konur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 19. febrúar, 50. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.12 | 13.41 | 18.13 |
| Akureyri | 9.04 | 13.26 | 17.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Fíton / SÍA

Verð frá
5.190.000 kr.
SJÁLFSKIPTUR

170 HESTÖFL – DREGUR 3.300 KG
STÖÐUGLEIKASTÝRING - SPÓLVÖRN
ÞAKBOGAR - SUPER SELECT® 4X4
DRIFBÚNAÐUR - SJÖ SÆTA - DÖKKAR
RÚÐUR - 100% LÆSING AÐ AFTAN

PAJERO SAMEINAR KRAFTINN OG ÞÆGINDIN

Íslenskir vegir gera kröfur um fullkomið fjórhjóladrif með 100% læsingu að aftan og stöðugleikastýringu. Íslenskir ökumenn gera kröfur um skemmtilegan drifkraft, frábæran aukabúnað og þægindi fyrir allt að sjö manns. Komdu og finndu hvernig Pajero stendur undir þessum kröfum lands og þjóðar.

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA